

1949 50 1999

**EVROPURÁÐIÐ**

# Evrópuráðið

**Starfsemi og  
áfangar**

## Efnisyfirlit

### *Starfsemi og áfangar*

bls.	5	Yfirlit yfir starfsemi Evrópuráðsins
	9	Ráðherranefndin
	13	Þingið
	16	Ráðstefna sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu
	20	Mannréttindi og mannfrelsi
	27	Fjölmiðlar og lýðræði
	30	Samvinna á sviði dómsmála
	35	Lýðræði í héraði og samvinna yfir landamæri
	37	Umhverfi og svæðaskipulag
	40	Félagsleg og efnahagsleg málefni
	44	Heilbrigði
	47	Menntun
	53	Menning og menningararfleifð
	57	Íþróttir
	61	Æskulýðsmál
	65	Evrópufáninn, lofsöngur Evrópu og verðlaun í Evrópu
	68	Evrópskar stofnanir: hver er hvað?
	70	Markverðustu dagsetningar
	72	Samskiptastofnanir og upplýsingamiðstöðvar Evrópuráðsins
	77	Vefsetur Evrópuráðsins

## Yfirlit yfir starfsemi Evrópuráðsins

<b>Stofnskrá byggð á mannréttindum</b>	Hvaða Evrópuríki sem er getur öðlast aðild að Evrópuráðinu, svo fremi að það fallist á grundvallarreglur réttarríkisins og standi vörð um mannréttindi og mannfrelsi til handa öllum sem heyra undir lögsögu þess.
<b>Markmið</b>	<p>Evrópuráðið er milliríkjastofnun með eftirtalin markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• að standa vörð um mannréttindi, fjölflokkalýðræði og grundvallarreglur réttarríkisins,</li><li>• að vekja til vitundar um sérstöðu evrópskrar menningar og fjölbreytni hennar,</li><li>• að leita lausna á þeim vandamálum sem blasa við evrópsku samfélagi í tengslum við minnihlutahópa, útlendingahatur, fordóma, umhverfisvernd, einræktun á mönnum, alnæmi, fíkniefni, skipulega glæpastarfsemi o.s.frv.,</li><li>• að taka þátt í að treysta lýðræði í Evrópu í sessi með því að styðja umbætur á sviði stjórnmála, löggjafar og stjórnarskrár.</li></ul>
<b>43 aðildarríki</b>	<p>Evrópuráðið var stofnað 5. maí 1949 af tíu ríkjum (Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Hollandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Noregi og Svíþjóð) og í ágúst 1949 bættust Grikkland og Tyrkland í hóp þeirra. Nú eru aðildarríkin orðin 43 talsins: Ísland og Þýskaland (frá 1950), Austurríki (1956), Kýpur (1961), Sviss (1963), Malta (1965), Portúgal (1976), Spánn (1977), Liechtenstein (1978), San Marínó (1988), Finnland (1989), Ungverjaland (1990), Pólland (1991), Búlgaría (1992), Eistland, Litháen, Slóvenía, Tékkland, Slóvakía, Rúmenía (1993), Andorra (1994), Lettland, Albanía, Moldóva, Úkraína, Makedónía (fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu ) (1995), Rússland og Króatía (1996), Georgía ( 1999 ), Armenía, Aserbaídsjan (2001).</p> <p>Ekki má rugla Evrópuráðinu saman við Evrópusambandið ( ESB ). Þetta eru tvær aðskildar stofnanir. Þó eiga öll aðildarríki Evrópusambandsins, fimmtán talsins, aðild að Evrópuráðinu.</p>
<b>Fleiri sækja um aðild</b>	Hvíta-Rússland, Mónakó og Bosnía-Hersegóvína hafa formlega sótt um aðild að Evrópuráðinu.
<b>Áheyrnarfulltrúar</b>	Bandaríkin, Kanada og Japan hafa heimild til að senda áheyrnarfulltrúa til milliríkjastofnana Evrópuráðsins.

**Palais de l'Europe** Aðsetur Evrópuráðsins er í Evrópuhöllinni (Palais de l'Europe) í Strassborg í Frakklandi. Þar eru einnig haldnir fundir Evrópuþingsins.

**Víðtæk starfsemi** Evrópuráðið fjallar um öll helstu málefni sem varða evrópskt samfélag ef frá eru talin varnarmál. Meðal verkefna þess eru eftirtaldir málaflokkar: mannréttindi, fjölmiðlar, samstarf á sviði dómsmála, félagsleg og efnahagsleg málefni, heilbrigðismál, menntun, menning, arfleifð, íþróttir, æskulýðsmál, lýðræði í héraði og samstarf yfir landamæri, umhverfismál og byggðamál.

**Rammi um samstarf**

- Ráðherranefndin hefur á hendi ákvarðanatöku innan Evrópuráðsins. Í henni sitja utanríkisráðherrar aðildarríkjanna 43 (eða fastafulltrúar þeirra).
- Þingið er umræðuvettvangur stofnunarinnar og skipað fulltrúum sem þjóðþingin tilnefna.
- Ráðstefna sveitar- og héraðsstjórna er ráðgjafarstofnun, skipuð fulltrúum sveitar- og héraðsstjórna.

Ríkisstjórnir, þjóðþing og sveitar- og héraðsstjórnir eiga því sérstaka fulltrúa við Evrópuráðið.

**Leiðtogafundir veita nýja hvatningu**

Til þess að stuðla að stöðugleika í Evrópu, einkum eftir fall kommúnískra ríkisstjórna, var Evrópuráðinu veitt pólitísk hvatning æðstu leiðtoga ríkja og ríkisstjórna. Haldnir hafa verið tveir slíkir leiðtogafundir.

Leiðtogar þeirra þrjátíu og tveggja ríkja, sem þá áttu aðild að Evrópuráðinu, komu saman í Vín 1993 og brugðust við breyttum aðstæðum með því að taka ákvörðun um að fjölga aðildarríkjunum.

Fundur var haldinn í Strassborg 1997 með leiðtogum 40 aðildarríkja og samþykktu þeir nýja aðgerðaáætlun á grundvelli fjögurra meginviðfangsefna. Þau eru lýðræði og mannréttindi, eining samfélagsins, öryggi borgaranna og menntun í þágu lýðræðis og menningarlegrar fjölbreytni. Um þá málaflokka snýst starfsáætlun Evrópuráðsins við árpúsundaskiptin.

**Ráðstefna fagráðherra** Evrópuráðið stendur reglulega fyrir ráðstefnum fagráðherra (ráðherra dómsmála, menntamála, fjölskyldumála, heilbrigðismála, umhverfismála, sveitarstjórna, innflytjenda, kynjajafnréttis, vinnumála, fjölmiðlunar, menningarmála, íþróttamála, æskulýðsmála o.s.frv.).

Á þessum ráðstefnum eru greind helstu vandamál innan hvers málaflokks og stuðlað að reglubundnum samskiptum ráðuneyta sem starfa á sömu sviðum í aðildarríkjunum. Samin eru drög að sameiginlegum áætlunum og lagðar fram tillögur að starfsáætlun Evrópuráðsins.

**Álfa í daglegri mótun** Starf Evrópuráðsins miðar að Evrópusamningum sem aðildarríkin geta haft til hliðsjónar við samræmingu og umbætur á löggjöf sinni eins og þau hafa skuldbundið sig til í samningunum.

Ríki utan Evrópuráðsins geta einnig gerst aðilar að sumum samningum þess. Ríkisstjórnir hafa aðgang að niðurstöðum rannsókna og aðgerða í því skyni að stuðla að samstarfi og félagslegum framförum í Evrópu.

Evrópuráðið samþykkir einnig hlutasamninga, þ.e. samstarf með þátttöku misjafnlega margra ríkja, þannig að tilteknum ríkjum er gert kleift að vinna saman að sameiginlegum hagsmunaverkefnum með samþykki annarra aðildarríkja.

**Vettvangur fyrir samtök sjálfboðaliða** Evrópuráðið hefur viðurkennt liðlega 350 frjáls samtök sem samráðs- aðila og þar með lagt drög að raunhæfu samstarfi við fulltrúa hinna almennu borgara. Fyrirkomulag þessa samráðs er margvíslegt (t.d. umræður og málfundir) og veitir frjálsum samtökum aðgang að alþjóðlegu starfi, enn fremur er hvatt til tjáskipta milli þingmanna og samtaka um mikilvæg félagsleg málefni.

**Fjölpjóðlegt starfslið** Á skrifstofunni starfa um 1300 fastráðnir starfsmenn frá aðildarríkjunum 43. Yfirmaður þeirra er framkvæmdastjóri (nú Walter Schimmer frá Austurríki) sem þingið kýs til fimm ára í senn og hefur yfirumsjón með starfsemi Evrópuráðsins.

**Evrópsk fjármögnun** Evrópuráðið er fjármagnað af aðildarríkjunum í hlutfalli við íbúafjölda þeirra og tekjur. Fjárveiting fyrir árið 1998 nam um það bil 144 milljónum enskra punda.

**Opinber tungumál** Opinber tungumál Evrópuráðsins eru enska og franska en á þinginu eru þýska, ítalska og rússneska einnig notaðar sem vinnutungumál. Við ákveðnar aðstæður er túlkað úr öðrum málum á umræðufundum.

---

**Vefsetur** <http://www.coe.fr>  
<http://book.coe.fr>. (Útgáfa Evrópuráðsins)

## Ráðherranefndin

Ráðherranefndin fer með ákvörðunarvald innan Evrópuráðsins. Í henni sitja utanríkisráðherrar aðildarríkjanna 43 eða fastafulltrúar þeirra í Strassborg. Hún er í senn stjórnarstofnun, þar sem hægt er að ræða á jafnréttisgrundvelli viðhorf einstakra þjóða til þeirra vandamála sem blasa við í evrópsku samfélagi, og sameiginlegur umræðuvettvangur, þar sem viðbrögðum við slíkum vandamálum er komið á framfæri hvaðanæva að úr Evrópu. Ráðherranefndin stendur ásamt þinginu vörð um grundvallargildi Evrópuráðsins og fylgist með því að aðildarríkin standi við skuldbindingar sínar.

### RÖDD RÍKISSTJÓRNA

- Ákvarðanir og aðgerðir** Ráðherranefndin tekur ákvarðanir um starfsemi Evrópuráðsins. Hún tekur einnig afstöðu til tilmæla þingsins og ráðstefnu sveitar- og héraðsstjórna og tillögum frá ýmsum milliríkjanefndum og ráðstefnum fagráðherra. Hún samþykkir starfsáætlun Evrópuráðsins og fjárhagsáætlun þess.
- Skoðanaskipti** Umræður ráðherranefndarinnar spanna öll sameiginleg hagsmunamál aðildarríkjanna, að varnarmálum frátöldum: rætt er um pólitískar afleiðingar evrópsks samruna, skipulag samstarfs, leiðir til að standa vörð um lýðræðislegar stofnanir og mannréttindi – í stuttu máli öll vandamál sem kalla á samstilltar samevrópskar lausnir.
- Virkt stofnun** Utanríkisráðherrar aðildarríkjanna funda að minnsta kosti tvisvar á ári til þess að gaumgæfa pólitísk málefni og mál sem varða Evrópusamstarfið og til þess að veita Evrópuráðinu þá pólitísku hvatningu sem því er nauðsynleg. Í reynd eru fulltrúar þeirra fastafulltrúar ríkisstjórna sinna við Evrópuráðið. Þeir hafa sama ákvörðunarvald og ráðherrarnir og hafa umsjón með starfsemi Evrópuráðsins. Sendiherrar funda að minnsta kosti tvisvar í mánuði (A-stig) og er fundum þeirra fylgt eftir með fundum fastafulltrúa ráðherra við nefndina (B-stig) og skýrslugjafarhópa sem fara ofan í saumana á tilteknum málum áður en ákvörðun er tekin.
- Hver ráðherra gegnir formennsku í nefndinni í sex mánuði. Ísland gegndi formennsku í ráðherranefnd Evrópuráðsins frá 7. maí til 4. nóvember 1999. Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra var formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins.
- Sveigjanleiki** Samþykki öll aðildarríkin ekki tiltekna áætlun á ráðherranefndin þess kost að hrinda henni í framkvæmd með hlutasamningum og geta þá nokkur aðildarríkjanna átt samstarf um sameiginleg verkefni á tilteknum sviðum.
- Hins vegar geta aðildarríkin (hvort heldur er öll eða aðeins sum) átt samstarf við ríki utan Evrópuráðsins með gerð opinna samninga og njóta þau ríki þá góðs af aðstöðu Evrópuráðsins.

## EVROPSKAR LAUSNIR

**Öflug tæki** Ákvarðanir ráðherranefndarinnar eru sendar ríkisstjórnnum sem tilmæli eða felldar inn í Evrópusamninga sem eru lagalega bindandi fyrir þau ríki sem fullgilda þá. Nefndin samþykkir einnig yfirlýsingar og ályktanir um stjórnmalaleg efni sem eru ofarlega á baugi.

Samdir hafa verið hartnær 170 samningar. Þeir taka einkum til mannréttinda en ná einnig til annarra málaflokka og staðfesta og efla lýðræðislega, félagslega og menningarlega samheldni Evrópuráðsins.

Flestar ákvarðanir þarf að samþykkja með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða en einfaldur meirihluti nægir ef málsmeðferð er til umfjöllunar.

**Undirbúningur í höndum sérfræðinga** Sérfræðingar ríkisstjórna, sem heyra undir ráðherranefnd, semja drög að samningum og tilmælum. Með því móti næst samspil tæknilegra og staðbundinna sjónarmiða annars vegar og stjórnmalalegra heildarhagsmuna hins vegar. Reglulegar ráðstefnur fagráðherra hafa einnig orðið kveikjan að pólitísku frumkvæði.

**Lýðræði og samstaða** Evrópuráðið hefur skipulagt samstarfs- og stuðningsáætlanir fyrir ný aðildarríki svo að þau geti nýtt sér reynslu þess. Áætlanirnar eru byggðar á árangri milliríkjasamstarfs innan Evrópuráðsins, gerðum þess, sérfræðingakerfi og samstarfsskipulagi. Áætlanirnar miða að því að styrkja og efla lýðræðisumbætur og hraða þeim í hlutaðeigandi löndum svo að þau geti smám saman og átakalaust samlagast starfsemi og skipulagi á evrópskum vettvangi, ekki síst í Evrópuráðinu. Áætlun um aðgerðir til að efla trúnaðartraust hefur verið hrint úr vör í því skyni að styðja borgaralegt frumkvæði sem miðar að auknum gagnkvæmum kynnum og samstarfi meirihluta- og minnihlutahópa.



## VÖRÐUR UM GILDISMAT

**Stofnskráin varin** Þjóðir, sem gerast aðilar að Evrópuráðinu, skuldbinda sig til að fallast á grundvallarreglur réttarríkisins og grundvallarmannréttindi og mannfrelsi. Þær skuldbinda sig einnig til að vera virkar og einarðar í samstarfi um meiri einingu og til að greiða fyrir framförum á sviði efnahags- og félagsmála. Hverju aðildarríki ber að standa við gerðar skuldbindingar og ráðherranefndin tryggir að svo sé gert.

Komi til alvarlegs brots er ráðherranefndinni heimilt að afturkalla rétt aðildarríkis til að hafa fulltrúa við Evrópuráðið, bjóða því að hætta aðild og jafnvel ákveða að aðild þess að Evrópuráðinu sé lokið.

**Framkvæmd samninga** Ráðherranefndin sér einnig til þess að aðildarríkin standi við samninga sem þau gera sín á milli. Þetta er lykilatriði í sambandi við samninga um mannréttindi og í þeim helstu (en þeir eru mannréttinda-sáttmáli Evrópu, félagsmálasáttmáli Evrópu, Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og rammisamningur um verndun þjóðarbrot) er kveðið á um eftirlit í þessu skyni.

Í mannréttindasáttmála Evrópu er til dæmis kveðið á um að ráðherranefndin sé liður í eftirlitskerfi og hún hefur nú endanlegt úrskurðarvald í málum sem ekki er vísað til Mannréttindadómstólsins. Henni ber einnig að tryggja að aðildarríkin framfylgi dómsúrskurðum Mannréttindadómstólsins. Það hlutverk eitt helst óbreytt við stofnun sameinaðs og fasts dómstóls sem leysir af hólmi fyrri mannréttindanefnd og -dómstól.

**Staðið við skuldbindingar** Í samræmi við þá stefnu sem hefur miðað að stækkun Evrópuráðsins allt frá hruni Berlínarmúrsins hefur ráðherranefndin gegnt hlutverki sínu í óhlutdrægum og jákvæðum anda og lagt áherslu á tjáskipti og það að smám saman skapist pólitískar og efnahagslegar forsendur þróunar í rétta átt. Í því skyni hefur nefndin komið upp eftirlitskerfi sem tryggir að öll aðildarríkin standi við skuldbindingar sínar. Hún veitir öllum aðildarríkjunum þá aðstöðu og býður þeim þau úrræði sem nauðsynleg eru til að efla grundvallargildi Evrópuráðsins.

Stækkun Evrópuráðsins hefur haft í för með sér verulegar breytingar á skipulagi og hlutverki ráðherranefndarinnar og hefur pólitískt hlutverk hennar aukist.

**Samskipti og fylld** Evrópuráðið hefur eflt samskipti sín við landskjörna og staðkjörna fulltrúa í Evrópu og gefið ríkjum utan Evrópuráðsins kost á að taka þátt í pólitískri umræðu á vettvangi þess. Meðal þeirra eru nokkur ríki utan Evrópu sem hafa áheyrnarfulltrúa við Evrópuráðið (Bandaríkin, Kanada og Japan). Evrópuráðið hefur aukið samstarf sitt við aðrar stofnanir Evrópu, einkum Evrópusambandið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE).

**Hyllir undir nýtt árpúsund** Fjórum árum eftir leiðtogafundinn í Vín (í október 1993) var haldinn annar fundur leiðtoga aðildarríkjanna í Strassborg (dagana 10. og 11. október 1997). Leiðtogafundurinn setti stofnuninni stefnuskrá til næstu aldar og nú er það verkefni ráðherranefndarinnar að sjá til þess að farið sé eftir þeim tillögum.

---

**TIL FRÓÐLEIKS** Útgáfa Evrópuráðsins

**The Committee of Ministers:  
100 sessions (1997)**

**The Challenges of a Greater Europe  
(1996), ISBN 92-871-2952-5**

**An action plan for a united Europe  
(1997)**

**Vefsetur** <http://www.coe.fr/cm>

## Þingið

**Þingið er umræðuvettvangur Evrópuráðsins. Þar eiga sæti 602 þingmenn (301 fulltrúar og 301 varamenn) frá þjóðþingum aðildarríkjanna 43.**

**Lýðræðisvitund í Evrópu** Þing Evrópuráðsins er fyrsta evrópska þingið sem stofnað hefur verið í álfunni. Þingið sækja sendinefndir 43 þjóðþinga og telst það því víðtækasta þing Evrópu.

Þingið setur sér dagskrá. Það fjallar um ýmis málefni líðandi stundar og horfurnar framundan, þar á meðal þann vanda sem steðjar að samfélaginu og alþjóðamál. Þingið er í ráðgefandi hlutverki innan Evrópuráðsins.

Starfsemi ráðherranefndar tekur mið af umræðum á þinginu. Umræðurnar hafa einnig áhrif á ríkisstjórnir þar eð fulltrúar á þinginu greina þjóðþingum sínum frá þeim.

Þingið þurfti að takast á við einstakt og erfitt verkefni þegar sögulegir viðburðir áttu sér stað í Mið- og Austur-Evrópu í upphafi áratugarins. Það lagði sitt af mörkum við að taka nýfrjáls ríki í samfélag evrópskra lýðræðisríkja og hvatti til skilvirkrar þingsamvinnu allra Evrópuþjóða.

Árið 1989 ákvað þingið að sérstökum gestum væri heimilt að sitja fundi þess og gerði þar með þingfulltrúum nýfrjálsra lýðræðisríkja í Mið- og Austur-Evrópu, sem höfðu ekki fengið aðild að Evrópuráðinu, kleift að sitja fundi þingsins og nefndarfundi. Þannig var komið á samskiptum sem stuðluðu að framgangi lýðræðis í víðkomandi ríkjum og greitt fyrir aðild þeirra að Evrópuráðinu. Nú um stundir hafa þingmenn fjögurra ríkja heimild til að sitja þessa fundi sem sérstakir gestir.

**Skipan þingsins: spegilmynd lýðræðisríkja í Evrópu**

Þjóðþing aðildarríkjanna kjósa eða tilefna 301 fulltrúa til þings Evrópuráðsins og 301 varamenn úr sínum röðum. Í sendinefndum ríkjanna eru tveir til átján fulltrúar í hlutfalli við íbúafjölda í viðkomandi ríki. Stefnt skal að því að helstu stjórnmálaflokkar hvers lands eigi fulltrúa á þinginu. Ísland á þar þrjá aðalfulltrúa og þrjá varamenn.

Á þinginu eru fimm stjórnmálafylkingar: sósíalistar, evrópski alþýðuflokkurinn, fylking evrópskra lýðræðissinna, fylking frjálslyndra, lýðræðissinna og umbótasinna, og Evrópufylking sameinaðra vinstrisinna. Sumir þingfulltrúanna kjósa að standa utan stjórnmálafylkinga.

Þingið kemur saman fullskipað á þriggja mánaða fresti, viku í senn, í þingsal Evrópuhallarinnar í Strassborg. Þingfundir eru opnir almenningi. Einnig er haldið vorþing í einhverju aðildarríkjanna.

Þingið kýs sér forseta úr sínum röðum og er hefð fyrir því að hann sitji þrjú eins árs kjörtímabil í röð. Forsetinn, varaforsetar (sem nú eru nítján að tölu) og formenn stjórnmalafylkinganna fimm mynda stjórn þingsins. Núverandi forseti er Lord Russell Johnston (frá Bretlandi).

Þingið kýs einnig framkvæmdastjóra Evrópuráðsins og varaframkvæmdastjóra, ritara þingsins og dómara við Mannréttindadómstól Evrópu.

Undirbúningur starfsins er í höndum fimm sérfræðinganefnda sem fjalla um: stjórnmal, lagaleg málefni og mannréttindi, félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumál, menningu og menntun, umhverfismál, skipulags- og sveitarstjórnarmál, vísindi og tækni, landbúnað og byggðaþróun, efnahags- og þróunarmál, málefni innflytjenda og flóttamanna og lýðfræði, tengslin við þjóðþingin og almenning; jafnrétti kynjanna; og skuldbindingar og skyldur aðildarríkjanna og hvernig staðið er við þær.

**Umræður um Evrópuviðburði og heimsviðburði**

Á dagskrá hvers þingfundar eru umræður um Evrópuviðburði og heimsviðburði. Heimskunnir framámenn hvaðanæva hafa tekið þátt í slíkum umræðum (François Mitterand, Jóhannes Páll páfi annar, Helmut Kohl, Mikail Gorbatsjov, Václav Havel, Hosni Mubarak, Yasser Arafat og ótal fleiri).

Þingið er einnig umræðuvettvangur fyrir aðrar alþjóðlegar stofnanir, þar á meðal Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Geimvísindastofnun Evrópu og margar sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna.

Frjáls samtök taka þátt í starfi tiltekins fjölda nefnda sem áheyrnarfulltrúar og leggja dýrmætan skerf til margra verkefna sem þingið stendur fyrir.

**Frumkvæði sem ber áþreifanlegan árangur**

Textarnir, sem þingið hefur samþykkt, innihalda viðmiðunarreglur fyrir ráðherranefndina, ríkisstjórnir, þjóðþing og stjórnmalaflokka. Þingið hefur einnig átt frumkvæði að mörgum alþjóðasamningum, Evrópusamningunum, sem eru hornsteinn sérevrópskrar löggjafar. Þekktastur er samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var árið 1950 (sjá kaflann um „Mannréttindi og mannfrelsi“).

Þingið heldur einnig reglulega ráðstefnur, málfundi og þingfundi, sem opnir eru almenningi, um viðfangsefni sem eru efst á baugi: má þar nefna ofbeldi, fordóma, umhverfismál, innflytjendur, fíkniefni, siðfræði í líftækni og fjölmiðla. Slíkir fundir fara fram sem samræða þingfulltrúa og sérfræðinga.

**Hver er munurinn?** Þing Evrópuráðsins sitja fulltrúar þingmanna hinna 43 aðildarríkja Evrópuráðsins og eru þeir kjörnir eða tilnefndir af þjóðþingunum.

*Evrópuþing ESB* sitja fulltrúar sem kjörnir eru beint til þingsins í hinum fimmtán aðildarríkjum Evrópusambandsins.

**Sendinefndirnar 43 og fjöldi fulltrúa**

Armenía (4), Aserbaidsjan (6), Albanía (4), Andorra (2), Austurríki (6), Belgía (7), Breska konungs-ríkið (18), Búlgaría (6), Danmörk (5), Eistland (3), Finnland (5), Frakkland (18), Georgía (5), Grikkland (7), Holland (7), Írland (4), Ísland (3), Ítalía (18), Króatía (5), Kýpur (3), Lettland (3), Liechtenstein (2), Litháen (4), Lúxemborg (3), Makedónía, fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu (3), Malta (3), Moldóva (5), Noregur (5), Pólland (12), Portúgal (7), Rúmenía (10), Rússland (18), San Marínó (2), Slóvakía (5), Slóvenía (3), Spánn (12), Sviss (6), Svíþjóð (6), Tékkland (7), Tyrkland (12), Ungverjaland (7), Úkraína (12), Þýskaland (18).

**Áheyrnarfulltrúar** Þjóðþing Kanada og Ísrael eiga áheyrnarfulltrúa við þing Evrópuráðsins.

**Sérstakir gestafulltrúar**

Þjóðþing Bosníu-Hersegóvínu fá að senda sérstaka gestafulltrúa á þing Evrópuráðsins. Réttur Hvíta-Rússlands til að senda sérstaka gestafulltrúa á þing Evrópuráðsins var afturkallaður 13. janúar 1997.

---

**TIL FRÓÐLEIKS** Útgáfa Evrópuráðsins

**The Parliamentary Assembly of the Council of Europe** (1998)

**Voices of Europe** (bók og geisladiskur, 1997) ISBN 92-871-3093-0

**The Europeans**  
(rafrænt fréttabréf þings Evrópuráðsins)

**Vefsetur** <http://www.stars.coe.fr>

## Ráðstefna sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu

Ráðstefnan er ráðgefandi stofnun innan Evrópuráðsins. Þar eiga sæti fulltrúar sveitar- og héraðsstjórna.

**Grasrótarlýðræði** Árið 1994 setti ráðherranefndin á stofn ráðstefnu sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu og leysti hún af hólmi fastþing sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu.

Ráðstefnan er sniðin eftir þingi Evrópuráðsins og þar eiga sæti 301 fulltrúar og 301 varamenn úr röðum kjörinna fulltrúa í sveitar- og héraðsstjórnunum og embættismanna sem heyra undir þá. Í hverri sendinefnd skulu vera fulltrúar mismunandi stofnana sveitar- og héraðsstjórna og þeirra stjórnmalahreyfinga sem eiga aðild að lögboðnum stofnunum í viðkomandi ríki.

**Þing í tveimur deildum** Ráðstefnan skiptist í sveitarstjórnadeild og héraðsstjórnadeild. Hvor deildin kys sér forseta og stjórn á tveggja ára fresti. Einnig er á tveggja ára fresti kjörinn forseti ráðstefnunnar úr hvorri deild til skiptis.

Fastanefnd, skipuð fulltrúum allra sendinefndanna, brúar bilið milli funda.

Til að auka skilvirkni og sveigjanleika geta ráðstefnan og báðar deildirnar stofnað sérstaka vinnuhópa til þess að fást við einstök mál.

Skrifstofustjóri ráðstefnunnar sér um daglegan rekstur ásamt starfsfólki frá Evrópuráðinu.

Ráðstefnan kemur árlega saman fullskipuð í Evrópuhöllinni í Strassborg.

**Sérstakir gestafulltrúar og áheyrnarfulltrúar** Sendinefndir sveitar- og héraðsstjórna í ríkjum utan Evrópuráðsins, sem heimild hafa til að senda sérstaka gestafulltrúa á þingið, svo og áheyrnarfulltrúar frá evrópskum samtökum sveitar- og héraðsstjórna, geta setið fundi ráðstefnunnar að fengnu samþykki hennar og þar til bærri stofnana hennar.

**Markmið** Meginmarkmið ráðstefnunnar er að tryggja að sveitar- og héraðsstjórnir taki þátt í einingarferlinu í Evrópu og starfsemi Evrópuráðsins. Eitt mikilvægasta verkefni hennar er að efla lýðræði í sveitarfélögum og héruðum og samstarf yfir landamæri og milli héraða í álfunni allri.

Ráðstefnan fjallar um hver þau málefni sem varða sveitar- og héraðsstjórnir og ber þar hæst sjálfstjórn sveitarfélaga og héraða, byggðarþróun í dreifbýli og þéttbýli, umhverfisvernd, menntun, félagslega þjónustu og heilbrigðismál.

**Evrópusamtök starfsmenntunarstofnana** Evrópusamtök starfsmenntunarstofnana fyrir sveitar- og héraðsstjórnir hafa að markmiði að efla samstarfið í Evrópu og koma á fót þjálfun fyrir stjórnsýslustörf í sveitar- og héraðsstjórnnum.

**Sjálfstjórn sveitarfélaga og héraða efla** Ráðstefnan hefur eftirlit með framkvæmd aðildarríkjanna á þeim meginreglum um lýðræði í héraði sem kveðið er á um í Evrópusáttmálanum um sjálfstjórn sveitarfélaga.

Enn fremur samþykkti hún drög að samningi, Evrópusáttmálanum um sjálfstjórn héraðsstjórna, þar sem mælt er fyrir um að héraðsstjórnir skuli fá umboð, afhafnafrelsi, þær skuli hafa lýðræðislegt skipulag og nægilegt fjármagn og starfsfólk til þess að hafa umsjón með eigin málefnum án ótilhlýðilegrar íhlutunar ríkisins.

Þegar ráðstefnunni er greint frá alvarlegum vandamálum sem steðja að lýðræðinu í sveitar- eða héraðsstjórn í einhverju aðildarríkjanna sendir hún skýrslugjafarhóp á vettvang og semur skýrslu um málið ef þörf krefur.

**Samvinna sveitarfélaga yfir landamæri** Ráðstefnan hefur samþykkt drög að samningi sem miðar að því að efla samstarf sveitar- og héraðsstjórna yfir landamæri og verður sá texti önnur bókun við rammasamninginn um samstarf sveitar- og héraðsstjórna yfir landamæri, í framhaldi af fyrri tillögu ráðstefnunnar um fyrstu bókunina við rammasamninginn, þar sem fjallað er um lagaramma samstarfs milli bæjarfélaga eða héraða yfir landamæri.

**Sérstök svæði** *Evrópusamningur um fjallahéruð*: ráðstefnan hefur ráðfært sig við allmörg samtök sem eru fulltrúar fjallahéraða í Evrópu og samþykkt drög að samningi sem miðar að uppbyggingu og verndun slíkra héraða.

*Miðjarðarhafssvæðið og Eystrasaltssvæðið*: ráðstefnan aðstoðar við að skipuleggja ráðstefnu héraða við Miðjarðarhafsið og ráðstefnu borga og héraða við Eystrasalt.

<b>Verndun landslags</b>	Ráðstefnan hyggst samþykkja drög að samningi um verndun landslags.
<b>Ný vandamál í borgum</b>	Með hliðsjón af viðmiðunarreglum borgarsáttmála Evrópu leitar ráðstefnan nýrra lausna á þeim vandamálum sem herja nú á borgir (mengun, vanda er tengist orkumálum, öryggisleysi o.s.frv.).
<b>Ungt fólk</b>	Evrópusáttmálinn um þátttöku ungs fólks í málefnum sveitarfélaga og héraða inniheldur viðmiðunarreglur sem eiga að hvetja ungmenni til að taka þátt í ákvörðunum sem varða þau og virkja þau við að breyta félagslegum aðstæðum, hvort heldur er í götunni sinni, hverfi, sveitarfélagi eða héraði.
<b>Staðbundnar sendinefndir lýðræðis</b>	Staðbundnar sendinefndir lýðræðis voru stofnaðar 1993 sem hluti friðarferilsins í fyrrum Júgóslavíu. Þær eru tengiliður milli tiltekins yfirvalds í héraði og sveitar- og héraðsstjórna annars staðar í álfunni. Þær sinna flóttamannahjálpi og enduruppbyggingu opinberrar þjónustu og beita sér fyrir því að mannréttindi og lýðræði séu virt.
<b>Samkeppnin Prix Europa TV</b>	Ráðstefnan styður samkeppnina Prix Europa en henni er ætlað að efla og kynna fjölbreytni og auð evrópskrar menningar með dreifingu sjónvarpsefnis yfir landamæri.
<b>43 aðildarríki og fulltrúar þeirra á ráðstefnunni</b>	Armenía (4), Aserbaidsjan (6), Albanía (4), Andorra (2), Austurríki (6), Belgía (7), Breska konungs- ríkið (18), Búlgaría (6), Danmörk (5), Eistland (3), Finnland (5), Frakkland (18), Georgía (5), Grikkland (7), Holland (7), Írland (4), Ísland (3), Ítalía (18), Makedónía, fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu (3), Króatía (5), Kýpur (3), Lettland (3), Liechtenstein (2), Litháen (4), Lúxemborg (3), Malta (3), Moldóva (5), Noregur (5), Pólland (12), Portúgal (7), Rúmenía (10), Rússland (18), San Marínó (2), Slóvakía (5), Slóvenía (3), Spánn (12), Sviss (6), Svíþjóð (6), Tékkland (7), Tyrkland (12), Ungverjaland (7), Úkraína (12), Þýskaland (18).



---

**TIL FRÓÐLEIKS**    **Útgáfa Evrópuráðsins**

**European Charter  
of Local Self-Government**  
(ETS/SES nr. 122) (1985)  
ISBN 92-871-0804-8

**Draft European Charter  
of Regional Self-Government**  
(Tilmæli nr. R 34 (1997))

**European Outline Convention on  
transfrontier co-operation between  
territorial communities or authorities**  
(ETS/SES nr. 106) (1989)  
ISBN 92-871-0021-7

**Draft European Charter  
of Mountain Regions**  
(Tilmæli nr. R 14 (1995))

**Preliminary Draft European  
Landscape Convention**  
(Ályktun 53 (1997))

**European Urban Charter** (1993),  
ISBN 92-871-2345-4

**European Charter on the  
participation of young people in  
municipal and regional life**  
(Ályktun 237 (1992))

*CLRAE Newsletter*  
(5 tölublöð á ári)

*Studies and texts, ritröð ráðstefnunnar  
(CLRAE)*

**Vefsetur**    <http://www.coe.fr/cplre>

## Mannréttindi og mannfrelsi

Eitt grundvallarmarkmiðað Evrópuráðsins er að leita stöðugt ráða til þess að tryggja mannréttindi og er megináhersla lögð á fjóra málaflokka en þeir eru:

- að tryggja mannréttindi og mannfrelsi;
- að bregðast við nýjum ógnum sem steðja að mannréttindum og mannlegri reisn;
- að auka vitund almennings um gildi mannréttinda;
- að efla fræðslu um mannréttindi og starfsþjálfun á þessu sviði.

### MANNRÉTTINDASÁTTMÁLI EVRÓPU

**Skref í rétta átt** Merkasti árangur af starfi Evrópuráðsins er mannréttindasáttmáli Evrópu, alþjóðasamningur sem þótti tíðindum sæta og öðlaðist gildi 1953. Þar er mælt fyrir um óafsalanlegt frelsi og réttindi allra einstaklinga og skyldu ríkjanna til að tryggja öllum innan lögsögu sinnar þessi réttindi. Auk þess hefur verið komið á fót alþjóðlegu kerfi til að framfylgja ákvæðum sáttmálans og geta ríki og einstaklingar, án tillits til þjóðernis, vísað meintum brotum aðildarríkjanna á þeim réttindum, sem tryggð eru með sáttmálanum, til þeirra réttarstofnana í Strassborg sem stofnaðar voru með sáttmálanum.

**Æ fleiri kærur...** Hin síðari ár hefur stöðugt fleiri málum verið vísað til stofnananna í Strassborg. Mannréttindanefnd Evrópu hefur skráð og rannsakað liðlega 40.000 kærur frá einstaklingum frá því að starfsemi hennar hófst 1954. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur kveðið upp liðlega 900 úrskurði frá því hann var stofnaður 1959.

Fordæmisréttur nefndarinnar og dómstólsins hefur orðið til þess að bæta enn frekar ákvæði sáttmálans og í mörgum tilvikum hafa breytingar á löggjöf og réttarvenju ríkja fylgt í kjölfarið.

**...er varða margs konar málefni** Kærur einstaklinga varða æ fleiri málefni og má þar nefna:

- réttindi fanga;
- aðgang að dómstólum;
- réttinn til sanngjarnra réttarhalda innan hæfilegra tímamarka;
- símahleranir;
- stöðu innflytjenda, brottrekstur og framsal;
- löggjöf um starfsemi samkynhneigðra;
- löggjöf um fóstureyðingar;
- frelsi blaða, útvarps og sjónvarps;
- starfsemi stéttarfélaga og einnig forgang þeirra að atvinnu;

- eignarrétt og eftirlit með skipulags- og leigumálum;
- bann við starfsemi stjórnmalaflokka;
- stjórnmalastarfsemi útlendinga;
- ábyrgð ríkisins á hernaðaraðgerðum erlendis.

**Kerfi í stöðugri þróun**

Sífelld endurskoðun á sáttmálanum miðar að því að auka þá vernd sem er tryggð með honum, ýmist með því að bæta nýjum réttindum við þau sem þar eru talin upp eða með því að auka skilvirkni þeirra réttarráða sem fyrir eru.

Nauðsynlegt reyndist að endurskoða málsmeðferðina vegna þess að málum fjölgaði ört og þau urðu æ flóknari, en einnig vegna þess að aðildarríkjum Evrópuráðsins hefur fjölgað mjög. Því var samin ný bókun, bókun nr. 11, við mannréttinasáttmála Evrópu og öðlaðist hún gildi 1. nóvember 1998. Þar er kveðið á um sameinaðan, fastan Evrópudómstól sem leysir eldra verndarfyrirkomulag mannréttinasáttmálans af hólmi.

**Mannréttindi 1950 – 1998**

Samkvæmt upprunalega fyrirkomulaginu eru kærur fyrst lagðar fyrir mannréttindaneftnd Evrópu í Strassborg. Telji hún kæru tæka leitar hún sátta í málinu og ef þær takast ekki rannsakar hún málavöxtu til þess að ganga úr skugga um hvort brot hafi verið framið.

Þá er hægt að vísa málinu til endanlegs úrskurðar Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg og eru úrskurðir hans bindandi fyrir hlutað-eigandi aðildarríki. Dómstóllinn getur einnig úrskurðað skaðabóta-greiðslur og greiðslu málskostnaðar.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur úrskurðarvald í þeim málum sem ekki er vísað til dómstólsins og eru úrskurðir hennar endanlegir og bindandi líkt og úrskurðir dómstólsins. Ráðherranefndin hefur eftirlit með því að úrskurðum dómsins og nefndarinnar sé framfylgt.

**Mannréttindadómstóllinn sameinaður**

Allir hafa beinan aðgang að hinum nýja sameinaða Mannréttindadómstóli Evrópu og er öllum aðildarríkjum skylt að lúta lögsögu hans. Þetta er fastur dómstóll sem fjallar um öll forstíga dómsmála auk þess sem hann kveður upp dóma.

Dómstóllinn er skipaður jafnmörgum dómurum og aðildarríkin eru mörg. Hvert ríki ber fram tillögur um dómaraefni en ráðherranefndin fylgist grannt með vali á þeim. Þingið kys dómara og var það gert í

fyrsta sinn í janúar 1998. Þeir dómara, sem kjörnir voru, tóku til starfa fyrir 1. nóvember 1998. Þeir eru ekki fulltrúar þeirra ríkja sem báru fram tillögur um þá og njóta fullkomins sjálfstæðis við störf sín.

Þeim málum, sem eru greinilega ekki reist á gildum rökum, er fljótlega vísað frá með einróma ákvörðun dómstólsins sem starfar þá sem nefnd þriggja dómara. Í langflestum tilvikum starfar dómstóllinn sem dómur sjö dómara. Séu kærur taldar ótækar á því stigi getur dómurinn reynt að sætta deiluaðila. Reynist það ekki unnt kveður dómurinn upp dóm sinn.

Í undantekningartilvikum er hægt að vísa máli til fullskipaðs dóms sautján dómara, til dæmis þegar um er að ræða alvarlegt mál sem varðar túlkun eða beitingu mannréttinasáttmála Evrópu. Úrskurðir dómstólsins eru endanlegir og bindandi fyrir hlutaðeigandi ríki.

Ráðherranefndin fjallar ekki lengur um það hvort mál teljist tæk en þó gegnir hún áfram því mikilvæga hlutverki að tryggja að aðildarríkin hlíti úrskurðum dómsins. Þegar ríki fullnægir úrskurði dómsins er það skuldbundið til þess að rétta hlut kærands og enn fremur til þess að koma í veg fyrir endurtekningu á brotum svipuðum þeim sem dómstóllinn hefur úrskurðað um.

Markmið þessarar breytingar eru, eins og leiðtogar ríkja og ríkisstjórna kváðu á um í Vín 9. október 1993, að auka skilvirkni verndarinnar, flýta fyrir málsmeðferð, gera kerfið aðgengilegra einstaklingum og viðhalda þeim mikla árangri sem náðst hefur í mannréttindamálum.

## FÉLAGSMÁLASÁTTMÁLI EVRÓPU

### **Félagsleg grundvallarréttindi – starfskjör og félagsleg eining**

Á öðrum leiðtogafundi Evrópuráðsins, sem haldinn var í Strassborg í októbermánuði 1997, skuldbundu leiðtogar ríkja og ríkisstjórna aðildarríkjanna sig til að „efla félagsleg gildi eins og þau birtast í félagsmálasáttmálanum og öðrum samningum Evrópuráðsins” og hvöttu til „sem víðtækastrar aðildar að þeim samningum”.

Félagsmálasáttmálinn og viðbótarbókunin frá 1988 tryggja grundvallarréttindi sem greina má í tvo flokka: annars vegar réttindi sem varða starfskjör og hins vegar réttindi sem varða einingu samfélagsins.

Meðal þeirra réttinda, sem varða atvinnumál, má nefna bann við mismunun við ráðningu í starf, bann við nauðungarvinnu, réttinn til að stofna stéttarfélög, réttinn til hópkyjarasamninga, rétt karla og kvenna til sömu launa fyrir sömu vinnu o.s.frv.

**Eftirlitskerfi** Fjölbjóðlegt eftirlitskerfi tryggir að sáttmálanum sé framfylgt í því tuttugu og eina ríki sem hefur fullgilt hann. Ríkisstjórnunum ber að leggja reglulega fram skýrslur um beitingu þeirra ákvæða sáttmálans sem þær hafa samþykkt. Nefnd óháðra sérfræðinga fer yfir þessar skýrslur og skilar lögfræðilegu mati á því hvernig ástandið samræmist sáttmálanum.

Í ljósi þeirra niðurstaðna beinir ráðherranefndin tilmælum til ríkisstjórna og fer fram á að þær breyti innlendri löggjöf eða venjum til samræmis við sáttmálann. Undirbúningur ákvarðana nefndarinnar er í höndum stjórnarnefndar en þar eiga sæti fulltrúar aðildarríkjanna og fulltrúar vinnumarkaðarins sem áheyrnarfulltrúar.

**Kerfi fyrir kærur hópa** Í viðbótarbókun við félagsmálasáttmála Evrópu, sem samþykkt var 1995, er kveðið á um kerfi fyrir kærur hópa og geta tiltekin samtök launþega og vinnuveitenda kært til nefndar óháðra sérfræðinga sé um meint brot að ræða.

Þrettán ríki hafa nú undirritað hinn endurskoðaða sáttmála. Með breytingunum er ætlunin að efla vernd þeirra réttinda sem þegar hafa verið tryggð og standa vörð um nýfengin réttindi, svo sem vernd gegn fátækt og félagslegri útskúfun, rétt til sómasamlegs húsnæðis, rétt til verndar ef til uppsagnar kemur o.s.frv.

## **EVROPUSAMNINGUR UM VARNIR GEGN PYNDINGUM**

**Gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu** Fátt er vitað um það sem gerist innan veggja fangelsa, lögreglustöðva, geðsjúkrahúsa og annarra ámóta stofnana. Þess vegna var Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum samþykktur 1987 og öðlaðist hann gildi 1989. Samningurinn eykur við þá vernd, sem kveðið er á um í mannréttindasáttmála Evrópu, með stofnun Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum.

Í nefndinni sitja óháðir og óvilhallir sérfræðingar á ýmsum sviðum, meðal annars í lögfræði, læknisfræði, fangelsismálum og stjórnmálum.

**Heimsóknir  
án fyrirvara**

Nefndin heimsækir fangelsi og kannar þá meðferð sem fangar fá. Hún hefur ótakmarkaðan aðgang að fangelsum og henni er heimilt að ræða einslega við fangana. Henni er einnig heimilt að hafa samband við hverja þá sem geta veitt gagnlegar upplýsingar, til dæmis frjáls sam-  
tök sem vinna að mannréttindamálum.

Nefndin vinnur fremur að því að efla vernd fanga gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu en að áfella ríkisstjórnir fyrir misbeitingu. Þegar nefndin hefur lokið reglubundinni eða sérstakri ferð til ríkis sendir hún skýrslu, sem getur falið í sér fyrirspurnir, tilmæli eða umsagnir, til hlutaðeigandi ríkis. Ætlast er til að ríkið sendi bráðabirgðasvar innan sex mánaða og fullunnið svar innan tólf mánaða. Litið er á skýrslur nefndarinnar og svörin, sem fást frá hlutaðeigandi ríkjum, sem trúnaðarmál en nú er viðtekin venja að ríkin fallist á að slík gögn séu birt.

Nefndinni er heimilt, í undantekningartilvikum, að gefa út opinbera yfirlýsingu ef ríki sýnir ekki samstarfsvilja.

**RAMMASAMNINGUR UM VERNDUN ÞJÓÐARBROTA**

**Verndun þeirra sem  
tilheyra þjóðar-  
brotum**

Í kjölfar leiðtogafundarins í Vín 1993 samþykkti Evrópuráðið 1994 rammamning um verndun þjóðarbrot. Samningurinn hefur að geyma meginreglur sem aðildarríkjunum er gert að hlíta og enn fremur tiltekin ákvæði, sem aðildarríkin skuldbinda sig til að framfylgja með lagasetningu og í stefnu sinni, þar sem mælt er fyrir um fullt jafnrétti í reynd til handa þeim sem tilheyra þjóðarbrotum. Í ákvæðunum er fjallað um málefni á borð við tungumál þjóðarbrot, viðurkenningu nafna, menntun, fjölmiðla, bann við að þvinga fram aðlögun og verndun og þróun menningar.

Samningurinn öðlaðist gildi 1. febrúar 1998. Aðildarríkjunum ber að gefa skýrslur um ráðstafanir sínar innan árs og síðan á fimm ára fresti. Einnig er heimilt að krefja þau um skýrslur vegna einstakra mála. Ráðherranefndin fer yfir skýrslurnar með fulltingi ráðgefandi nefndar óháðra sérfræðinga, metur hvort staðið hafi verið við skuldbindingar og samþykkir tilmæli, sé þess þörf. Reglurnar, sem gilda um þetta eftirlitskerfi, hafa einnig að geyma ákvæði sem tryggja gagnsæi þess.

## EVROPURÁÐIÐ LÆTUR SIG VARÐA ALLT SEM LÝTUR AÐ MANNRÉTTINDAMÁLUM

**Jafnrétti kynjanna** Til að vernda og efla mannréttindi leitast Evrópuráðið við að uppræta hvaðeina sem skerðir frelsi og reisu kvenna (má þar nefna ofbeldi, arðrán og vændi og valfrelsi gagnvart barneignum), útrýma kynbundinni mismunun og beita sér fyrir jafnvægi milli kynjanna í stjórn- málum og á opinberum vettvangi.

Stjórnarnefnd um jafnrétti kynjanna undirbýr ráðstefnur ráðherra, skipuleggur málfundi og gefur út rit um rannsóknir á þessu sviði.

**Baráttan við kynþáttahatur og fordóma** Leiðtogar ríkja og ríkisstjórna, sem sátu fyrsta leiðtogafundinn í Vín 1993, samþykktu yfirlýsingu og aðgerðaáætlun gegn kynþáttahatri, út- lendingahatri, gyðingahatri og fordómum og ákváðu að stofna Evrópunefnd gegn kynþáttahatri og fordómum.

Starfssvið nefndarinnar var staðfest á öðrum leiðtogafundinum (í Strassborg 1997) og vinnur hún að því að efla lagalegar og stjórn- málalegar tryggingar gegn hvers kyns kynþáttahatri, út- lendingahatri og áþekktum fordómum. Hún metur skilvirkni ráðstafana einstakra ríkja og samfélags þjóðanna í því skyni að herða á þeim ef þörf krefur og hvetur til viðeigandi aðgerða, hvort heldur er í héraði, á landsvísu eða á vettvangi Evrópu.

**Mannréttindi efla** Evrópuráðið fæst við margvísleg verkefni sem miða að því að auka veg mannréttinda í samfélaginu, meðal annars með því:

- að auka þekkingu og skilning á mannréttindum í háskólum jafnt og öðrum skólum og meðal einstakra stétta á borð við lögfræðinga, lögreglu, starfsfólk fangelsa o.s.frv.;
- að vekja almenning til vitundar um mannréttindamál með upplýsingaherferðum, útgáfu, gerð hljóð- og myndefnis og bættri umfjöllun fjölmiðla;
- að starfrækja mannréttindabókasafn og upplýsingaþjónustu um mannréttindi í Strassborg.

Aðgerðaáætlun um þróun og eflingu lýðræðislegs stöðugleika gerir ráð fyrir aðstoð til handa ríkjum sem leitast við að færa löggjöf sína til samræmis við evrópskar viðmiðanir um mannréttindi.

Jafnframt miða þessar aðgerðir að því að aðstoða þau við að efla og vernda mannréttindi með því að vekja almenning til vitundar um þau með þýðingu og dreifingu á upplýsingum og ýmiss konar menntunar- og fræðslustarfi.

---

**TIL FRÓÐLEIKS**    **Útgáfa Evrópuráðsins**

**Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms and protocols to the said Convention** (ETS/SES nr. 5) (1991)  
ISBN 92-871-1961-9

**European Social Charter – Collected Texts** (1997)  
ISBN 92-871-3366-2

**Fundamental social rights – Case-law of the European Social Charter** (1997)  
ISBN 92-871-3190-2

**European Convention for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment** (ETS/SES nr. 126) (1987)  
ISBN 92-871-1526-5

**Framework Convention for the Protection of National Minorities** (ETS/SES nr. 157) (1995)  
ISBN 92-871-2514-7

**Human rights every day: The impact of the Council of Europe's work in the field of human rights** (1996)

**Law and practice of the European Convention on Human Rights and the European Social Charter** (1997)  
ISBN 92-871-2956-8

**Short guide to the European Convention on Human Rights** (1991)  
ISBN 92-871-1981-3

**Seventh general report on the activities of the European committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment** (1997)

**Human Rights and the Police** (1997)  
ISBN 92-871-3296-8

**Council of Europe action in the field of equality between women and men**  
EG (97) 3

**Women in politics in the Council of Europe member states**  
EG (97) 5

**Declaration and Resolutions adopted by the 4th European Ministerial conference on equality between women and men**  
MEG-4 (97) 18

**Combating racism and intolerance: The European Commission against Racism and Intolerance** (1997)  
ECRI (97) 15, 7. endursk.

**Stand up NOW for human rights!**  
(myndband, 1995)

**Vefsetur**    <http://www.dhdirhr.coe.fr> (Heimasíða um mannréttindi almennt)  
<http://www.dhcour.coe.fr> (Mannréttindadómstóll Evrópu)  
<http://www.dhcommhr.coe.fr> (Mannréttindanefnd Evrópu)  
<http://www.cpt.coe.fr> (Evrópunefnd gegn pyndingum)  
<http://www.ecri.coe.fr> (Evrópunefnd gegn kynþáttahatri og fordómum)

**Nánari upplýsingar fást hjá:**

Human Rights Information Service  
Council of Europe  
F-67075 Strasbourg Cedex  
Sími: + 33 (0)3 88 41 20 24    Bréfasími: + 33 (0)3 88 41 27 04  
Tölvupóstur: [HumanRights.Info@coe.fr](mailto:HumanRights.Info@coe.fr)



## Fjölmiðlar og lýðræði

Frjáls, óháð og fjölbreytt fjölmiðlun er ein meginforsenda þess að lýðræðisþjóðfélag dafni. Störf Evrópuráðsins á sviði fjölmiðla miðast við eftirtalin markmið:

- að efla tjáningar- og upplýsingafrelsi og frjálst flæði upplýsinga og hugmynda yfir landamæri;
- að þróa samevrópska stefnu og heppilega löggjöf og önnur tæki í því skyni;
- að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að löggjöf og stefnumótun er varða fjölmiðla dragist ekki aftur úr hraðri þróun tækni, efnahagsmála og stjórnsýslu.

**Tjáningar- og upplýsingafrelsi** Í Evrópuyfirlýsinguinni um tjáningar- og upplýsingafrelsi, sem ráðherranefndin samþykkti 1982, kemur fram vilji ríkisstjórna aðildarríkjanna til þess að virða tjáningar- og upplýsingafrelsi og efla það enn frekar.

**Greitt fyrir útsendingum yfir landamæri** Evrópusamningurinn um sjónvarpsútsendingar yfir landamæri öðlaðist gildi 1993 og er honum ætlað að greiða fyrir dreifingu sjónvarpsdagskrár yfir landamæri með því að tryggja frelsi til að veita slíkri dagskrá móttöku og endurvarpa henni á landsvæðum aðildarríkjanna. Samningurinn þjónar þessu markmiði með því að tryggja að aðildarríkin virði lágmarksreglur um inntak dagskrár, rétt til andsvara, auglýsingar og kostun.

**Aðrir bindandi samningar** Evrópusamningar:

- um gagnkvæm skipti á dagskrárefni í formi sjónvarpsmynda (öðlaðist gildi 1. júlí 1961);
- um vernd sjónvarpsútsendinga (öðlaðist gildi 1. ágúst 1961);
- um bann við útsendingu útvarps- og sjónvarpsstöðva utan landsvæðis þjóðar (öðlaðist gildi 19. október 1967) og bókanir við hann;
- um málefni er varða höfundarrétt og skyld réttindi innan ramma gervihnattaútsendinga yfir landamæri ;

**Tilmæli** Ráðherranefndin hefur samþykkt nokkrar lagalegar og stefnumótandi ráðstafanir um ýmis mál er varða fjölmiðla. Þar má nefna:

- ólöglega fjölföldun hljóð- og myndefnis;
- gagnsæi fjölmiðla;
- sjónvarpsauglýsingar;
- lagavernd „ruglaðra“ sjónvarpsútsendinga;

- vernd réttthafa;
- einkaleyfi á útsendingum frá stórviðburðum;
- sjálfstæði ríkisrekinnar sjónvarpsstöðva;
- dreifingu tölvutæks myndefnis sem er í eðli sínu ofbeldiskennt, hrottalegt eða klámfengið.

**Evrópuráðstefnur ráðherra um fjölmiðla** Ráðherraráðstefnur eru haldnar reglulega í því skyni að staðfesta stuðning við frelsi fjölmiðla, samþykkja veigamiklar tillögur um stefnumótun og leggja drög að framtíðarstarfi Evrópuráðsins á sviði fjölmiðlunar. Ráðherraráðstefnunni, sem haldin var í Prag 1994, lauk með því að samþykktar voru mikilvægar ákvarðanir um framtíð opinberrar útvarps- og sjónvarpsþjónustu, enn fremur um frelsi til fréttatöflunar og mannréttindi. Síðasta ráðherraráðstefnan var haldin í Þessalóníku 1997 og var hún helguð nýjum fjarskiptamiðlum.

**Forgangsmál** Núverandi starf miðast einkum við þrjú meginverkefni. Þau eru:

- fjölmiðlar og lýðræði (eftirlit með samfylkingum fjölmiðla; rannsóknir á þeim áhrifum sem ný fjarskiptatækni getur haft á mannréttindi og lýðræði; leiðir til að tryggja vernd réttthafa, upplýsingafrelsi o.s.frv.);
- fjölmiðlar í Evrópu sem heild (leiðir til að festa frelsi fjölmiðla í sessi o.s.frv.);
- fjölmiðlar og mannréttindi (verndun heimildarmanna fréttamanna, fjölmiðlaumfjöllun um réttarhöld).

**Evrópska hljóð- og myndmiðlunarstofnunin** Stofnunin er byggð á hlutasamningi sem gerður var 1993. Hún sinnir söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga um markaðsþróun, löggjöf og fjármögnun; þrjú lykilsvið sem varða evrópska hljóð- og myndmiðlun.

Upplýsingum er safnað í 34 löndum og Evrópusambandinu, en þetta eru aðilar að stofnuninni. Upplýsingunum er komið á framfæri í *Statistical Yearbook* sem kemur út árlega og mánaðarritinu *Iris* sem fjallar um lagaleg málefni.

Vefsetur stofnunarinnar hefur að geyma mikinn fjölda tilvísunarskráa og tengla til annarra vefsetra.

Þeir sem einkum nýta sér þjónustu stofnunarinnar eru atvinnumenn á sviði hljóð- og myndmiðlunar í Evrópu svo og opinberir aðilar í aðildarríkjum samningsins.

---

TIL FRÓÐLEIKS

Útgáfa Evrópuráðsins

**European Convention on Transfrontier Television** (ETS/SES nr. 132) (1989)

**and Explanatory Report**  
ISBN 92-871-1819-1

**European Convention Relating to Questions on Copyright Law and Neighbouring Rights in the Framework of Transfrontier Broadcasting by Satellite** (ETS/SES nr. 153) (1994)

**and Explanatory Report**  
ISBN 92-871-3012-4

**Activities in the Media Field**  
DH-MM (97) 1 (1997)

**Council of Europe co-operation and assistance programmes in the media field** DH-MM (97) 5 (1997)

**Ritröðin „Mass Media Files“**  
(10 titlar)

**Statistical Yearbook on Cinema, Television, Video and New Media in Europe** (útgáfan 1997)  
ISBN 92-871-3307-7

**Iris – Legal Observations of the European Audiovisual Observatory**  
(mánaðarrit)

**Vefsetur** <http://www.dhdirhr.coe.fr>  
<http://www.obs.coe.int> (Evrópska hljóð- og myndmiðlunarstofnunin)

## Samvinna á sviði dómsmála

Evrópuráðið gegnir mikilvægu hlutverki við mótun samevrópskrar löggjafar. Starf þess miðast við þrjú meginviðfangsefni:

- að endurskoða og breyta innlendri löggjöf til samræmis við meginreglurnar um lýðræði, mannréttindi og grundvallarreglur réttarríkisins;
- að bæta réttarfar með einfaldari og sveigjanlegri málsmeðferð;
- að leita sameiginlegra lausna á réttarfarslegum og siðferðilegum viðfangsefnum sem fylgja vísinda- og tækniþróun, með því að samþykkja reglugerðir sem ná yfir þau vandamál sem nútímaþjóðfélag þarf að glíma við.

Evrópuráðið hefur átt frumkvæðið að mörgum Evrópusamningum og tekið beinan þátt í að samhæfa löggjöf Evrópuríkja. Árangur starfsemi Evrópuráðsins á þessu sviði birtist í tvenns konar lagatextum: annars vegar samningum og hins vegar tilmælum.

**Samningar:** Samningar eru forsenda samvinnu aðildarríkjanna á sviði dómsmála.  
**gildi laganna** Þeir eru bindandi fyrir þau ríki sem fullgilda þá.

Fjölbjódasamningar Evrópuráðsins eru ekki aðeins forsenda samvinnu heldur einnig einföldunar. Einn samningur getur komið í stað ótal tvíhliða samninga milli aðildarríkjanna.

**Tilmælin:** Samninga gerist ekki alltaf þörf. Ráðherranefndin samþykkir einnig  
**viðmiðunarreglur** tilmæli, sem hún beinir til ríkisstjórna aðildarríkjanna, þar sem hún setur viðmiðunarreglur um löggjöf og stjórnsýsluhætti ríkjanna. Með tilmælunum gefst ríkisstjórnnum aðildarríkjanna kostur á að leggja til skilvirkar og raunhæfar lausnir á nýjum vandamálum.

**Ríkjum utan** Ríkjum utan Evrópuráðsins er heimilt að gerast aðilar að flestum  
**Evrópuráðsins** samningum þess. Því hefur þessi tegund fjölbjóðlegrar samvinnu á  
**heimil þátttaka** sviði dómsmála náð til fleiri en aðildarríkja Evrópuráðsins.

Samningarnir fjalla meðal annars um:

- framsal;
- vernd villtra tegunda og lífsvæða;
- þvætti arðs af glæpastarfsemi;
- lyfjamisnotkun í íþróttum;
- lífsiðfræði, einræktun o.s.frv.

**Margvísleg málefni** Evrópuráðið fæst við öll málefni sem lúta að réttvísi. Sem dæmi um starf þess á þessu sviði má nefna aðlögun innlendrar löggjafar aðildarríkjanna að félagslegum breytingum og aðstoð við ríkin við lagabætur. Þar fer fram stöðug endurskoðun sem miðar nú einkum að því að auka skilvirkni á sviði refsiréttar og einkaréttar og að bæta löggjöf um fjölskyldur og ríkisfang manna.

**Löggjöf í þjónustu lýðræðis** Evrópunefnd um lýðræði með lögum, einnig kölluð Feneyjanefndin, var stofnuð í maímánuði 1990 og er árangur hlutasamnings Evrópuráðsins. Í nóvember 1997 áttu 37 fulltrúar aðildarríkja Evrópuráðsins sæti í nefndinni, enn fremur fimm fulltrúar ríkja sem eiga aðild að samningnum og sjö áheyrnarfulltrúar.

Meginverkefni, sem nú liggja fyrir nefndinni, eru þessi:

- réttvísi og stjórnarskrárbætur, einkum að því er varðar þróun og eflingu lýðræðislegs stöðugleika;
- þátttaka einstaklinga, sem tilheyra minnihlutahópum, í opinberu lífi;
- fylki og sjálfstjórnarhéruð;
- stjórnarskrárréttur og samruni í Evrópu;
- lagagrundvöllur utanríkisstefnu.

Feneyjanefndin vinnur að samanburðarrannsóknnum á lögum og eru niðurstöður þeirra yfirleitt birtar í ritröðinni *Science and Technique of Democracy*. Nefndin gefur einnig út *Bulletin on Constitutional Caselaw*, þar sem er að finna ágrip helstu ákvarðana stjórnlagadómstóla og samsvarandi stofnana í um 40 löndum og einnig Mannréttindadómstóls Evrópu og dómstóls Evrópubandalaganna.

**Aðstoð við nýfrjáls lýðveldi** Áætlanirnar *Demo-droit* og *Themis* miða að því að byggja upp og efla lýðræðislegan stöðugleika, aðstoða hlutaðeigandi löndum við að laga lögin að grundvallarreglum réttarríkisins og að Evrópusamstarfi, ekki síst á vettvangi Evrópuráðsins.

Samvinnuverkefni eru af ýmsum toga og má nefna fjölþjóðlegar og tvíhliða málstofur, vinnufundi, sérfræðilegt mat á lagatextum, aðstoð við að koma á fót starfsnámi fyrir lögmenntaðar starfsstéttir og námsferðir. Sum samvinnuverkefni eru skipulögð í tengslum við starfsáætlanir sem eru unnar í samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

## RAUNHÆFUR ÁRANGUR

<b>Verndun gagna</b>	Í samningi Evrópuráðsins um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga er að finna skilgreiningar á ýmsum meginreglum sem lúta að réttmætri og löglegri söfnun gagna og vinnslu þeirra. Þetta mál brennur nú á mönnum, með tilkomu sívaxandi möguleika á rafrænni miðlun persónuupplýsinga um heim allan, ekki síst með tilkomu Netsins.
<b>Daglegt líf án landamæra</b>	Hér eru tekin tvö dæmi um beinan árangur af Evrópusamningum: <ul style="list-style-type: none"><li>• Rammasamningur Evrópuráðsins um samstarf byggðarlaga og svæðisbundinna yfirvalda yfir landamæri hefur stórbætt samstarf í bæjum og þorpum beggja vegna landamæra Evrópu.</li><li>• Evrópusamningurinn um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna tryggir að börn fráskilinna foreldra eigi fljótt afturkvæmt til löglegs forráðamanns síns.</li></ul>
<b>Dýravernd</b>	Evrópuráðið hefur sett meginreglur og lágmarksviðmiðanir um velferð dýra í fimm samningum sem taka til millilandaflutninga, undaneldis eða slátrunar, dýra á tilraunastofum og gæludýra.
<b>Umhverfisspjöll</b>	Evrópuráðið hefur samþykkt samning um skaðabótaábyrgð vegna starfsemi sem er hættuleg umhverfinu og þar með er fengið jafnvægi milli sjónarmiða umhverfisverndar og iðnaðar. Nú er í smíðum samningur um umhverfisvernd sem framfylgt er með hegningarlögum.
<b>Réttvísín og baráttan við glæpi</b>	Meðal þeirra samninga, sem nú eru í bígerð eða liggja fyrir til undirritunar, eru tveir þar sem sérstaklega reynir á samstarf milli ríkja. Þeir lúta að: <ul style="list-style-type: none"><li>• nánara samstarfi í baráttunni við glæpi og spillingu,</li><li>• upptöku og eignarnámi á arði af glæpastarfsemi.</li></ul>
<b>Flóttamenn og þeir sem biðja um pólitískt hæli</b>	Samningar og tilmæli hafa átt drjúgan þátt í að móta sameiginlegar reglur um móttöku, meðferð og lagavernd flóttamanna og þeirra sem biðja um pólitískt hæli í Evrópu.

<b>Ríkisfang</b>	Árið 1997 samþykkti Evrópuráðið fyrsta heildræna Evrópu-samninginn um ríkisfang og er þar fjallað um allt sem lýtur að ríkisfangi eða margföldu ríkisfangi og er tilgangurinn einkum sá að koma í veg fyrir að menn verði ríkisfangslausir.
<b>Opinber stjórnsýsla og einstaklingar</b>	Nýlega gaf Evrópuráðið út handbók þar sem sagt er í stuttu máli og með dæmum frá áratugastarfi Evrópuráðsins sem lýtur að bættum samskiptum stjórnvalda og einstaklinga.
<b>Þjóðaréttur</b>	Starfið á þessu sviði annast sérstök nefnd löglærðra ráðgjafa um þjóðarétt og er þetta eina samevrópska nefndin þar sem ráðgjafar utanríkisráðherranna um lagaleg málefni geta skipst á skoðunum um sameiginleg hagsmunamál jafnframt því sem þeir móta og skrá samevrópskan þjóðarétt.
<b>Gagnavinnsla og réttarfar</b>	Sérfræðinganefnd um réttarfarslega gagnavinnslu fylgist með rannsóknum, þróun og fræðslu á sérsviði sínu í Evrópu, einkum með tilliti til þróunarinnar í upplýsingatækni. Markmiðið er að meta og stuðla að hagnýtingu hennar á sviði réttvísinnar til þess að auka skilvirkni dómskerfisins.
<b>Gráum svæðum útrýmt</b>	Á tilteknum sviðum hafa ekki verið til evrópskar reglugerðir. Evrópuráðið vinnur nú að því að semja sáttmála um þau svið. Má þar nefna eftirtalda málaflokka: <ul style="list-style-type: none"> <li>• lífsiðfræði: góðar starfsvenjur í læknisfræði og vísindum hafa verið skilgreindar með rammasamningi. Nýlega var samþykkt fyrsta viðbótarbókunin við hann og felur hún í sér bann við einræktun manna. Fjórar viðbótarbókanir eru í smíðum og er þar kveðið á um reglur um líffæraflutninga, rannsóknir á mönnum, vernd fôstra og fósturvísa og erfðafræði;</li> <li>• ráðstafanir gegn tölvuglæpum;</li> <li>• baráttu gegn spillingu.</li> </ul>

---

**TIL FRÓÐLEIKS****Útgáfa Evrópuráðsins**

**European Convention and Agreements**  
(sex bindi)

**Chart showing Signatures  
and Ratifications of Conventions and  
Agreements concluded within the  
Council of Europe**  
ISBN 92-871-1520-6

**Convention on Human Rights  
and Biomedicine** (ETS/SES nr. 164)  
(1997), ISBN 92-871-2565-1

**Health care and human rights, ethics  
and moral questions –  
120 practical case studies** (1997)  
ISBN 92-871-3055-8

**The rights of the child – A European  
perspective** (1996)  
ISBN 92-871-3006-X

**Programme of action against corruption**  
(1997), ISBN 92-871-3208-9

**Rebirth of democracy - 12  
constitutions of eastern and central  
Europe** (1996, önnur útgáfa),  
ISBN 92-871-3094-9

**Transition to Democracy –  
Constitutions of the New Independent  
States and Mongolia** (1997)  
ISBN 92-871-3356-5

**The Administration and you** (1996)  
ISBN 92-3124-4

**Co-operation in penal matters –  
Conventions, I. bindi** (1997)  
ISBN 92-871-3354-9

**Science and Technique of Democracy**  
(20 titlar)

**The Council of Europe  
French-English legal dictionary**  
(1994) ISBN 92-871-2496-5

**Vefsetur**

Á lagavefsetri Evrópuráðsins er að finna, á ensku og frönsku, flesta samninga, sem gerðir hafa verið í Evrópuráðinu, skrá yfir undirritanir, fullgildingar og aðild, texta fyrirvara við samningana, tilkynningar og orðsendingar frá þeim sem undirrita samninga og aðila að þeim.

<http://www.coe.fr/fr/txtjur/traites.htm>



## Lýðræði í héraði og samvinna yfir landamæri

Með stækkun Evrópuráðsins hefur samstarf ríkisstjórna aukist á sviði lýðræðis í héraði og samvinnu yfir landamæri.

Lögð er áhersla á:

- að stuðla að sjálfstjórn sveitarfélaga og héraða;
- að greina uppbyggingu stjórnsýslu og löggjafar og fjármál sveitar- og héraðsstjórna;
- að stuðla að samvinnu yfir landamæri milli sveitar- og héraðsstjórna;
- að stuðla að menningarlegri fjölbreytni héraðanna.

**Samhæfing dreifræðis** Stjórnarnefnd um lýðræði í sveitarfélögum og héruðum er vettvangur þar sem ríkisstjórnir geta miðlað reynslu sinni hver til annarrar og stillt saman strengi sína varðandi rammalöggjöf sína og stofnanir í þágu lýðræðis í héraði. Hún kannar skipulag sveitarfélaga og héraða, fjármagn sveitarfélaga, stjórnsýslu þeirra, þátttöku einstaklinga í opinberu lífi í sveitarfélögum og héruðum og opinbera þjónustu sveitarfélaga og héraða. Hún vinnur einnig drög að tilmælum og samningum sem hún leggur fyrir ráðherranefndina til samþykktar.

**Stuðlað að réttlátu og skilvirkku lýðræði í héraði** Evrópusáttmáli um sjálfstjórn sveitarfélaga er stjórnskipulegur og lagalegur grundvöllur sjálfstjórnar sveitarfélaga og þeirra meginreglna, sem gilda um völd, eftirlit og fjármál, sem öllum lýðræðislegum stjórnkerfum sveitarfélaga ber að virða. Stjórnarnefndin um lýðræði í sveitarfélögum og héruðum leggur fram tillögur um aðgerðir í samræmi við meginreglur sáttmálans og stuðlar að framkvæmd hans.

**Þegar landamærin mást burt** Tilgangurinn með rammamningi Evrópuráðsins um samstarf byggðarlaga og svæðisbundinna yfirvalda yfir landamæri er að auðvelda samvinnu byggðarlaga eða svæðisbundinna yfirvalda yfir landamæri. Hann felur í sér fyrirmyndir að samningum um svæðaskipulag, efnahagsþróun, umhverfisvernd og menningarsamstarf yfir landamæri. Í kjölfar Vínaryfirlýsingar leiðtoga ríkisstjórna 1993 um hlutverk Evrópuráðsins í „nýrri Evrópu” var sérfræðinganefnd, skipuð fulltrúum ríkisstjórnanna, falið að leggja drög að rannsóknnum og lagagerðum til þess að auðvelda samvinnu yfir landamæri. Viðbótarbókun við rammamninginn var lögð fram til undirritunar í árslok 1995 og verið er að ræða drög að annarri viðbótarbókun um millisvæðasamvinnu byggðarlaga eða svæðisbundinna yfirvalda sem eiga sér ekki sameiginleg landamæri.

<b>Varðveisla fjölbreytni í tungumálum álfunnar</b>	Markmiðið með Evrópusáttmálanum um svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa er að stöðva hnignun slíkra tungumála og hvetja til notkunar þeirra jafnt í ræðu og riti á opinberum vettvangi og í félagslegu og efnahagslegu samhengi og enn fremur að stuðla að því að þau séu kennd og lærd.
<b>Réttindi erlendra íbúa sveitarfélaga</b>	Samningnum um þátttöku útlendinga í opinberu lífi í sveitarfélögum er ætlað að veita erlendum íbúum sveitarfélaga í sívaxandi mæli raunveruleg borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.
<b>Hagnýt aðstoð við nýfrjáls lýðræðisríki</b>	Með LODE-áætluninni (sbr. „Local Democracy”) er nýjum aðildarríkjum boðin aðstoð á ýmsum sviðum við að endurskipuleggja sjálfstjórn sveitarfélaga og héraða.  Áætlunin miðar einkum að því að veita sérfræðiaðstoð við gerð laga-texta um sjálfstjórn sveitarfélaga og héraða sem verið er að vinna á vegum þjóðþinga og héraðsþinga. Meðal annars eru skipulagðar málstofur og námsferðir sem sóttar eru af stjórnmalamönnum sem fara með umboð þjóðar eða sveitarfélags, háttsettum embættismönnum og háskólamönnum. Sum verkefni eru unnin í samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Alþjóðabankann og Efnahags- og framfarastofnun Evrópu.

#### TIL FRÓÐLEIKS

#### Útgáfa Evrópuráðsins

**European Charter of Local Self-Government** (ETS/SES nr. 122) (1985), ISBN 92-871-0804-8

**European Outline Convention on Transfrontier Co-operation between Territorial Communities or Authorities** (ETS/SES nr. 106) (1983) ISBN 92-871-0021-7

**Additional Protocol to the European Outline Convention on Transfrontier Co-operation between Territorial Communities or Authorities** (ETS/SES nr. 159) (1995) ISBN 92-871-2915-0

and explanatory report

**Convention on the Participation of Foreigners in Public Life at Local Level** (ETS/SES nr. 144) (1992) ISBN 92-871-2061-7

**European Charter for Regional or Minority Languages** (ETS/SES nr. 148) (1993) ISBN 92-871-2210-5

**Framework Convention for the Protection of National Minorities, and explanatory report** (ETS/SES nr. 157) (1995) ISBN 92-871-2618-6

**The minority question in Europe** (1996) ISBN 92-871-2932-0

**Asylum** (1995) ISBN 92-871-2902-9

**Fræðilegar ritraðir:**  
*Local and regional authorities in Europe;*  
*Structure and operation of local and regional democracy;*  
*Transfrontier co-operation in Europe*  
*European Regional Plannig*

Vefsetur <http://www.coe.fr/cplre>

## Umhverfi og svæðaskipulag

Aðildarríki Evrópuráðsins þurfa í náninni framtíð að leysa ýmis mál sem lúta að umhverfi, svæðaskipulagi og skipulagi landrýmis og verða sum þeirra mála ekki leyst nema með milliríkjasamvinnu. Evrópuráðið hefur lagt fram samninga um:

- verndun og stjórnun náttúrulegs umhverfis í Evrópu;
- varðveislu og umbætur á umhverfi manna;
- úrvinnslu hugmynda um skipulag landrýmis og skipulagsmál.

### Samevrópsk áætlun um að efla fjölbreytni lífríkis og landslags

Á ráðherraráðstefnu, sem helguð var umhverfismálum í Evrópu (haldin í Sófíu í október 1995), samþykktu umhverfismálaráðherrar 55 Evrópuríkja samevrópska áætlun um að efla fjölbreytni lífríkis og landslags. Þeir komu sér saman um grundvöll fyrir samræmingu í því skyni að varðveita og auka veg náttúrufars og landslags um alla Evrópu til að ná eftirtöldum markmiðum:

- að draga til muna úr þeim hættum sem steðja að fjölbreytni lífríkis og landslags í Evrópu;
- að stuðla að auknum stöðugleika lífríkis og landslags í Evrópu;
- að efla Evrópu sem vistfræðileg heild;
- að fá almenning til að taka af heilum hug þátt í varðveislu fjölbreytilegs lífríkis og landslags.

Með áætluninni er unnið gegn aukinni fábreytni lífríkis og landslags með nýjum og róttækum hætti. Markmiðið með áætluninni er að taka tillit til vistfræðilegra þátta í félags- og efnahagsmálum. Með áætluninni eru treystar þær ráðstafanir sem eru í gildi og jafnframt skilgreindar nýjar ráðstafanir sem hrinda á í framkvæmd á næstu tveimur áratugum. Þar er einnig kveðið á um samræmda stefnu og sameiginleg markmið sem vinna má að á landsvísu og í héraði.

Helstu stofnanir í Evrópu hafa skuldbundið sig til að framkvæma áætlunina. Umhverfismálaáætlun Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið munu í sameiningu leggja til skrifstofuaðstöðu vegna þessarar áætlunar.

### Evrópskt dýra- og jurtaríki: varðveisla villtra plantna og dýra

Samningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu (sá samningur hefur verið kenndur við Bern) miðar að því að vernda fágætar dýra- og jurtategundir í útrýmingarhættu. Hann hefur að geyma skrá yfir verndaðar tegundir og ákvæði til verndar lífsvæðum, enn fremur fyrirmæli um aðferðir við nýtingu tiltekinna tegunda og tilmæli til ríkjanna um að setja reglur um um viðskipti með dýr, einkum sjaldgæfar tegundir.

Bernarsamningurinn öðlaðist gildi árið 1982 og er ríkjum utan Evrópuráðsins í Evrópu og Afríku einnig heimilt að gerast aðilar að honum. Hann hefur verið fullgiltur í þrjátíu og tveimur aðildarríkjum, Efnahagsbandalagi Evrópu, Mónakó og þremur Afríkuríkjum (Búrkína Fasó, Senegal og Túnis).

<b>Samevrópsk líferfða-fræðileg verndarsvæði</b>	Unnin hefur verið skrá yfir ýmiss konar lífsvæði. Verndarsvæðin í álfunni eru nú 340 talsins og ná alls yfir liðlega þrjár milljónir hektara.
<b>Upplýsingar og fræðsla til aðgerða</b>	<i>Naturopa</i> er upplýsinga- og skjalamiðstöð Evrópuráðsins um náttúruvernd og var stofnuð árið 1967 til þess að sjá stjórnvöldum og almenningi fyrir upplýsingum í tengslum við pólitískar milliríkja-aðgerðir á þessu sviði. Miðstöðin hefur notið aðstoðar 41 landsstofnana og fjölda einstaklinga við að móta kynningarherferðir, nú síðast með því að helga árið 1995 náttúruvernd í Evrópu. <i>Naturopa</i> hefur valið sér einkunnarorðin „Réttar upplýsingar til rétttra aðila á réttum tíma” og annast útgáfu rita á mörgum tungumálum.
<b>Viðurkenning fyrir náttúruvernd</b>	Evrópuverðlaunin eru veitt til svæða þar sem náttúrafarið hefur sérstakt gildi og þar sem náttúruvernd þykir til fyrirmyndar. Svæðin sem hljóta verðlaunin vitna um auð og fjölbreytni evrópskrar náttúru. Verðlaunin hafa nú verið veitt fimmtíu sinnum.
<b>Svæðaskipulag: lífsgæði samfara félaglegri og efnahagslegri starfsemi</b>	Evrópska ráðherraráðstefnan um svæðaskipulag (CEMAT) hefur haldið reglulega fundi frá árinu 1970 þar sem fengist er við málefni sem varða svæðaskipulag og skipulag landrýmis. Þar eiga öll aðildarríki Evrópuráðsins fulltrúa og er áherslan lögð á sjálfbæra þróun í efnahags-, umhverfis- og félagsmálum í evrópsku samhengi með svæðaskipulagi og skipulagi landrýmis.  Evrópusáttmálinn um svæðaskipulag/skipulag landrýmis felur í sér heildræna, skilvirka langtímastefnu í skipulagsmálum og eru markmið hennar þessi: <ul style="list-style-type: none"> <li>• jafnvægi í efnahagslegri og félagslegri þróun í héraði;</li> <li>• bætt lífsskilyrði;</li> <li>• ábyrg stjórnun náttúruauðlinda;</li> <li>• umhverfisvernd og skynsamleg landnýting.</li> </ul>
<b>Vísindalegt samstarf vegna náttúruhamfara og tæknilegra stórslysa</b>	Opinn hlutasamningur um forvarnir, vernd og skipulag hjálparstarfs vegna náttúruhamfara eða tæknilegra stórslysa var saminn í mars 1987. Bæði aðildarríki Evrópuráðsins og ríki utan þess geta gerst aðilar að honum og hafa 21 ríki nú undirritað hann. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, menningarmálastofnun SP, Alþjóðaheilbrigðis-málastofnunin og skrifstofa SP á sviði mannúðarmála taka þátt í samningnum. Japan hefur áheyrnarrétt.

Markmið samningsins eru þessi:

- að efla og örva þverfaglega samvinnu aðildarríkjanna við að nýta þau úrræði og þá kunnáttu sem eru fyrir hendi til þess að tryggja skilvirk og samábyrg viðbrögð við hamförum og stórslysum;
- að styrkja stofnun Evrópumíðstöðva til þess að vekja áhuga og hvetja til virkrar þátttöku í aðildarríkjunum. Þessar stofnanir samhæfa störf þeirra aðila sem vinna að sömu markmiðum með evrópskri upplýsingamiðlun, og starfsþjálfunar- og rannsóknar-áætlunum. Nú eru starfandi 20 slíkar miðstöðvar.

---

**TIL FRÓÐLEIKS**    **Útgáfa Evrópuráðsins**

**Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats („Bern Convention“)**  
(ETS/SES nr. 104) (1982)  
ISBN 92-871-0020-9

**Globally threatened birds in Europe – Action plans** (1997)  
ISBN 92-871-3066-3

**Pan-European Biological and Landscape Diversity Strategy** (1996)  
ISBN 92-871-3046-9

**Convention on Civil Liability for damage resulting from activities dangerous to the environment**  
(ETS/SES nr. 150) (1993)  
ISBN 92-871-2320-9

**European Regional Planning Strategy**  
(1991), ISBN 92-871-1995-3

**The challenges facing European society with the approach of the year 2000 – Strategies for sustainable development of European states in the Mediterranean basin**  
(1997), ISBN 92-871-3227-5

**Strategy Bulletin**  
(kemur út á tveggja mánaða fresti á ensku, frönsku, þýsku, ítölsku og rússnesku)

**Naturopa**  
(kemur út þrisvar á ári á 5 tungumálum)

Ritröðin *Nature and Environment*  
(90 titlar)

Ritröðin *Environment Encounters*  
(38 titlar)

Vefsetur <http://www.coe.fr>

## Félagsleg og efnahagsleg málefni

Evrópuráðið eflir með virkum hætti félagsleg réttindi og stuðlar að því að fólk njóti jafnræðis og fái sömu tækifæri.

Helstu markmið Evrópuráðsins eru:

- að styrkja félagslega samheldni;
- að tryggja nægilega félagslega vernd;
- að stuðla að atvinnu, starfsþjálfun og réttindum vinnandi fólks;
- að vernda þá hópa samfélagsins sem standa höllum fæti;
- að berjast gegn útskúfun og misrétti;
- að treysta evrópska samvinnu í málum er varða fólksflutninga.

**Evrópusamningar um vernd félagslegra réttinda** Félagsmálasáttmálinn er hliðstæður mannréttindasáttmálanum og felur í sér vernd tuttugu og þriggja grundvallarréttinda á sviði félagsmála.

Evrópureglur um félagslegt öryggi og bókun við þær tryggja lágmarksvernd, þar með talið heilbrigðisþjónustu; bætur vegna veikinda, vinnuslysa, meðgöngu og fæðingar, atvinnuleysis og örorku og bætur til eftirlifenda; fjölskyldugreiðslur og lífeyri. Endurskoðaðar reglur frá 1990 taka mið af breytingum á síðari árum á löggjöf um félagslegt öryggi í aðildarríkjunum og bæta þá vernd sem er tryggð með henni.

**Vernd við dvöl á erlendri grund** Eftirtaldir samningar auðvelda vinnandi fólki og fjölskyldum þeirra að flytja sig um set milli landa án þess að glata menningu sinni, lagalegri vernd eða félagslegri aðstoð:

- í félagsmálasáttmálanum er kveðið á um að útlendingar og ríkisborgarar skuli njóta jafnræðis, viðhald áunninna réttinda eða réttinda sem verið er að afla og flutning félagslegra bóta til annarra landa. Í honum er einnig tryggt að einungis sé beitt löggjöf eins lands í hverju tilviki;
- samþykkt Evrópuráðsríkja um framfærslu og læknishjálpi er ætlað að koma í veg fyrir mismunun gagnvart útlendingum sem eru ríkisborgarar annarra samningsríkja;
- Evrópusamningi um réttarstöðu farandlaunþega er ætlað að standa vörð um þá meginreglu að farandlaunþegar njóti jafnræðis á við ríkisborgara gistiríkis og tryggja rétt fjölskyldunnar til að sameinast. Ráðgjafarnefnd hefur eftirlit með beitingu samningsins.

**Aðlögun innflytjenda** Niðurstöður þverfaglegs verkefnis um tengsl innflytjendahópa og samfélags gistiríkis sýndu að laga þarf menntun, félagsleg þjónustu og fjölmiðla að þörfum samfélags sem er samsett úr mörgum þjóðarbrotum. Unnið er að verkefnum, sem varða sömu tækifæri og félagslega aðlögun innflytjenda, til að auka skilning á vandamálum er varða misrétti og kynþáttafordóma og í þeim eru lagðar til aðgerðir á vegum aðildarríkjanna.

- Félagsleg samheldni** Niðurstöður þriggja ára verkefnis um mannlega reisn og félagslega útskúfun voru grundvöllur tillagna um aðgerðir á ráðstefnu sem ríkisstjórn Finnlands bauð til í Helsinki 1998. Þar var lögð til sú nýbreytni að ríkisstjórnir, þingmenn, einkastofnanir og frjáls samtök, svo og fulltrúar þeirra sem eiga útskúfun á hættu, hafi með sér samstarf.
- Tillögurnar eiga að vera uppistaðan í nýrri áætlun um að auka félagslega samheldni til að leysa félagsleg vandamál. Koma þarf á fót sérhæfðri stofnun til að fylgjast með málum er varða félagslega samheldni, gera samanburð á þeim og ráða fram úr þeim.
- Stefnt að því að auka atvinnu** Í undirbúningi eru skýrslur um tvö verkefni, annað varðar sköpun nýrra starfa utan hins hefðbundna vinnumarkaðar, hitt rekur félagslegar og efnahagslegar afleiðingar efnahagslegrar endurskipulagningar í Evrópu.
- Í tilmælum ráðherranefndarinnar frá 1996 um að sætta starf og fjölskyldulíf eru ráðstafanir um skipulagningu vinnutíma, afnám kynjамisréttis á vinnumarkaði, uppbyggingu fjölskylduþjónustu með nægilega rúmum fjárframlögum, aðlögun almannatrygginga og skattkerfa að sífellt fjölbreytilegra atvinnumynstri og skipulagningu skólatíma og námsskráa.
- Evrópustefna í málefnum barna** Samskiptanefnd um Evrópustefnu í málefnum barna, sem hefur það hlutverk að veita ráðgjöf og marka stefnu, skal komið á fót eftir samþykkt áætlunar um að vinna að hagsmunum barna. Markmiðið með henni er að leggja breiðan grundvöll undir samstarf Evrópuráðsins og annarra alþjóðlegra opinberra aðila eða frjálsra samtaka sem starfa að málefnum barna. Meðal málefna má nefna þætti er varða dagvistun barna, misnotkun barna og börn á stofnunum.
- Framfærsla og félagsleg vernd** Evrópuráðið rannsakar nú auknar lífslíkur í Evrópu og þann kostnað sem það hefur í för með sér. Einn þeirra þátta, sem fjallað er um, er framfærsla með hliðsjón af bættri félagslegri vernd aldraðra og annarra á framfæri og þeirra sem annast þá.

- Betra almannatryggingakerfi** Evrópuráðið vinnur nú að því að skoða nýjungar í almannatryggingum í öllum aðildarríkjum sínum í því skyni að öðlast dýpri skilning á þeim vanda sem innlend almannatryggingakerfi eiga við að etja. Gefin verður úr handbók um góðar starfsvenjur sem ríkisstjórnir geta nýtt sér við endurskipulagningu almannatrygginga við erfiðar efnahagslegar aðstæður.
- Íbúar og lýðfræði** Evrópska mannfjöldanefndin fylgist með þróun lýðfræðilegra þátta í aðildarríkjunum og safnar upplýsingum og niðurstöðum greininga. Þetta felur til að mynda í sér útgáfu árlegrar skýrslu, „Lýðfræðileg þróun í Evrópu“, þar sem fjallað er um nýjustu og markverðustu gögn um lýðfræðilega þróun í Evrópu. Nefndin er auk þess ráðgefandi fyrir miðstöðvar, sem fara með ákvörðunarvald, og birtir niðurstöður rannsókna á lýðfræðilegum vandamálum í álfunni.
- Aðlögun fatlaðra** Markmið Evrópuráðsins er að styðja við vel mótaða stefnu í mál-efnum fatlaðra þar sem lögð er áhersla á endurhæfingu, félagslega aðlögun og þátttöku í samfélaginu. Evrópuráðið hefur skilgreint slíka stefnu þar sem jafnframt er tekið tillit til meginreglnanna um óskertan ríkisborgararétt og sjálfstætt líf og hefur aðstoðað við framkvæmd hennar í Evrópu, auk þess að hvetja til þess að gerðar verði endurbætur á lögum aðildarríkjanna og ráðist í ýmiss konar verkefni í Evrópusambandinu. Markmiðið með stefnunni er að afnema hindranir sem standa í vegi fyrir aðlögun, hvort sem þær eru sálfræðilegs eðlis eða á sviði menntunar, tengdar fjölskyldunni, menningu, starfi, fjárhag eða byggingalist.
- Félagsþróunarsjóðurinn** Félagþróunarsjóðurinn var stofnaður 1956 sem fjárhagslegt tæki fyrir Evrópuráðið og starfar sem þróunarbanki. Forgangsverkefni sjóðsins er að aðstoða aðildarríkin við að leysa félagsleg vandamál sem skapast vegna flóttamanna, fólks sem flosnað hefur upp eða fórnarlamba náttúruhamfara eða umhverfisslysa.
- Starfsemi sjóðsins verður sífellt fjölbreyttari og tekur til nýrra félagslegra og efnahagslegra þátta.



Hann lánar allt að helmingi kostnaðar við fjárfestingarverkefni sem miða að því:

- að skapa störf í litlum og meðalstórum fyrirtækjum á svæðum sem standa höllum fæti;
- að byggja upp verklegt nám;
- að reisa ódýrt húsnæði;
- að koma á fót félagslegum grunnvirkjum í heilbrigðisþjónustu (sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum o.s.frv.), innan skólakerfisins (skólum, háskólum o.s.frv.), umhverfisvernd (skolphreinsunarstöðvar, sorphreinsunarstöðvar), færa strjálbýl svæði til nútíma-horfs (undirstöðugrunnvirki) og bæta lífsskilyrði í borgarhlutum sem standa höllum fæti.

Frá stofnun hefur sjóðurinn veitt 10 milljarða ekna að láni. Skráð hlutafé nemur 13 milljörðum ekna.

---

#### TIL FRÓÐLEIKS

#### Útgáfa Evrópuráðsins

**Fundamental social rights – Case-law of the European Social Charter** (1997)  
ISBN 92-871-3190-2

**Social Development Fund: Collection of statutory texts** (1997)

**Social Development fund: Report of the Governor** (1996), ISSN 1025-3192

**Migration and development co-operation** (1994)  
ISBN 92-871-2611-9

**Current and future trends in international migration in Euope** (1998)

**Recent demographic developments in Europe** (1997)  
ISBN 92-871-3421-9

**Ageing and its consequences for the socio-medical systems** (1995)  
ISBN 92-871-2685-2

**Children and work in Euope** (1996)  
ISBN 92-871-3144-9

**The rights of the child – A European perspective** (1996)  
ISBN 92-871-3006-X

**The child as citizen** (1996)  
ISBN 92-871-2994-0

**Homelessness** (1993)  
ISBN 92-871-2322-5

**Tackling racist and xenophobic violence in Europe** (1996)  
ISBN 92-871-3037-X

**Bridging the gap. The social aspect of the new democracies** (1995)  
ISBN 92-871-2739-5

**Newsletter: Human dignity and social exclusion**

**Human Rights in Everyday Living**  
(bæklingur)

Vefsetur <http://www.coe.fr>  
<http://www.coefund.org> (Félagsþróunarsjóðurinn)

## Heilbrigði

Markmið Evrópuráðsins er að þróa raunhæfa evrópska stefnu í heilbrigðismálum. Til að ná því markmiði verður Evrópuráðið:

- að samræma stefnu aðildarríkjanna í heilbrigðismálum;
- að skipuleggja fræðslu um fyrirbyggjandi aðgerðir og heilbrigði;
- að stuðla að jöfnum aðgangi allra að heilsugæslu.

**Lyfjaskrá:** Í lyfjaskrá Evrópu er að finna sameiginlega staðla sem skylt er að nota í öllum aðildarríkjunum til að tryggja gæði lyfja. Öll efni, sem eru notuð í lyf fyrir menn og dýr, eru stöðluð og einnig greiningaraðferðir til að tryggja bestu hugsanlegu gæði með tilliti til heilsu neytenda.

Innlendir staðlar eru samhæfðir í þrepum og hafa um það bil 2000 skyldubundnir Evrópustaðlar (gæðalýsingar) fyrir ný lyf verið gefnir út.

Þessi starfsemi á sér stoð í Evrópusamningi sem 25 aðildarríki og Evrópusambandið hafa fullgilt. Áhrifa lyfjaskrár Evrópu gætir mun víðar en í aðildarríkjunum þar eð mörg önnur lönd vísa til staðla hennar í löggjöf sinni.

Lyfjaskrá Evrópu er gefin út árlega á ensku og frönsku, bæði í bókarformi og á geisladiskum.

**Blóðgjöf:** Við samræmingu á reglum um blóðgjöf styðst Evrópuráðið við meginregluna um að blóðið skuli koma frá sjálfboðaliðum án endurgjalds og leggur jafnframt áherslu á öryggi og framfarir í blóðmeðferð.

Blóðbanka hefur verið komið á fót í Amsterdam þar sem fryst blóð úr sjaldgæfum blóðflokkum er geymt.

**Líffæraflutningar:** Evrópuráðið hefur á seinni árum staðið fyrir mótun siðareglna um líffæraflutninga. Til umfjöllunar eru nú skipulagsmál sem eru forsenda þess að hægt verði að bæta enn frekar eftirlit með skilvirkni og gæðum.

**Pompidou-hópurinn:** Pompidou-hópurinn er þverfaglegur vettvangur fyrir samvinnu ráðuneyta í baráttunni gegn misnotkun fíkniefna og dreifingu þeirra.

**ráðast gegn fíkniefnavandanum**

Í hópnum eru nú fulltrúar 29 aðildarríkja. Samvinna við nýju lýðræðisríkin í baráttunni gegn fíkniefnum eykst jafnt og þétt og byggist á námskeiðum, skiptiáætlunum og nýstárlegri þjálfun fyrir fíkniefnaráðgjafa.

Pompidou-hópurinn hittist á vegum ráðuneyta á tveggja til þriggja ára fresti og endurmetur starfsemi sína auk þess að setja fram nýjar áætlanir um samvinnu og forgangsröðun. Forgangsverkefni hópsins eru meðal annars þau að fyrirbyggja misnotkun fíkniefna, félagsleg enduraðlögun fíkniefnaneytenda, starfsemi glæpadómstóla og stuðningur við fræðslu og rannsóknir, einkum að því er varðar kostnað samfélagsins af misnotkun fíkniefna.

**Eyðni: fyrirbyggjandi aðgerðir, virðing**

Evrópuráðið hefur gert tillögu að áætlun um almannaheilbrigði sem byggist að miklu leyti á fyrirbyggjandi aðgerðum og virðingu fyrir réttindum einstaklingsins og samfélagsins og hefur lagt fram tilmæli er varða siðferðileg álitamál tengd notkun tilraunalyfja gegn HIV-veirunni. Lokið er rannsókn á áhrifum eyðni á áætlanagerð innan heilsugæslunnar.

**Heilbrigðisfræðsla fyrir ungt fólk**

Evrópuráðið rekur skóla í ríflega 30 Evrópuríkjum í samvinnu við Evrópudeild Alþjóðheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópu-sambandið þar sem lögð er áhersla á heilbrigði með það að markmiði að vekja ungt fólk til ábyrgðar.

**Sveigjanleg og mannleg heilsugæsla**

Mikil vinna hefur verið lögð í að skipuleggja heilsugæsluþjónustuna og laga hana að þörfum nútímans, ásamt því að bjóða hópum, sem standa höllum fæti, aukna þjónustu (svo sem gæsluvarðhaldsföngum, öldruðum er búa á stofnunum, einstæðum foreldrum og langveikum).

**Heilsugæsla fyrir neytendur**

Markmið Evrópuráðsins er að bæta heilsugæsluþjónustuna. Með því að leggja vísindalegan og aðferðafræðilegan grunn undir umbætur á innlendra löggjöf og ýmiss konar reglur samfélagsins um vörur sem hafa bein eða óbein áhrif á fæðukeðju mannsins, svo sem varnarefni, lyf og snyrtivörur, hefur Evrópuráðið stuðlað að samræmingu laga, reglna og starfsvenja er varða eftirlit með gæðum, virkni og öryggi vara og örugga notkun eittraðra og banvænna efna. Unnið er að þróun nýrra aðferða til að bæta næringarlegt gildi og öryggi matvæla.

---

**TIL FRÓÐLEIKS**    **Útgáfa Evrópuráðsins**

**Blood transfusion in Europe: a "white paper". Safe and sufficient blood in Europe** eftir Piet J. Hagen (1993), ISBN 92-871-2377-2

**Guide to the use, preparation, and quality assurance of blood components** (4. útgáfa, 1998), ISBN 92-871-3529-0

**Origin, functioning and achievements of the Pompidou Group**

**Outreach work with drug users: principles and practice** (1996)  
ISBN 92-871-3110-4

**Annað útgefið efni**

**European Pharmacopoeia** (1997, 3. útgáfa og viðbót frá 1998)  
bók og geisladiskur

**Women and drugs** (1995)  
ISBN 92-871-2838-3

**Health care and human rights, ethics and moral questions - 120 practical case studies** (1996)  
ISBN 92-871-3055-8

**Final Declaration and Work Programme 1997-2000 (Pompidou Group)** (1997)

**Handbook on Prevention** (1998)  
(tölvupóstur: [pompidou-group@coe.fr](mailto:pompidou-group@coe.fr))

**Catalogue 1998**  
European Department for the Quality of Medicines (EDQM) (Helstu útgáfur og þjónusta)

**Vefsetur**    <http://www.coe.fr>  
<http://www.pheur.org> (Lyfjaskrá Evrópu)

## Menntun

**Menningarsáttmáli Evrópu er rammi um starf Evrópuráðsins á sviði menntunar, menningar, arfleifðar, íþróttar og æskulýðsmála. Til þessa hafa 47 Evrópuríki fengið aðild að sáttmálanum og taka þátt í starfi Evrópuráðsins á þessum sviðum.**

**Rammi um aðgerðir** Menningarsamvinnuráðið (CDCC) annast framkvæmd áætlana um menntun og menningu. Ráðinu til aðstoðar eru fjórar fag nefndir á sviði menntunar, æðri menntunar og rannsókna, menningar og menningararfleifðar. Fagráðherrar halda auk þess reglulega fundi.

**Menntun: fjárfest í framtíð Evrópu** Með hvaða hætti getur menntun stuðlað að mannréttindum og grundvallarréttindum og styrkt fjölflokkalýðræði? Með hvaða hætti færir menningin þjóðir Evrópu nær hver annarri og eykur gagnkvæman skilning og trúnaðartraust? Með hvaða hætti er menningin stöð fyrir ríkisstjórnir og ríkisborgara Evrópu við úrlausn þeirra verkefna sem við blasa í samfélaginu?

Evrópuráðið tekst á við þessi fjölþættu verkefni með því:

- að efna til umfangsmikilla verkefna í skólum og háskólum og með menntun fullorðinna;
- að safna saman hugmyndum, reynslu og niðurstöðum rannsókna;
- að ýta undir tengsl og skipti og þróun nýrra sambanda og samskiptaneta;
- að viðurkenna vottorð um menntun og hæfi alls staðar í Evrópu;
- að annast útgáfu rita um hagnýtar rannsóknir og handbóka fyrir þá sem móta stefnuna og uppræðendur;
- að stofna til samstarfs við aðrar evrópskar stofnanir og frjáls samtök.

**Áætlanir um aðstoð í menntamálum fyrir nýju lýðræðisríkin** Fræðsla um mannréttindi og þátttöku og ábyrgð borgaranna er afar mikilvæg fyrir þróun fjölflokkalýðræðis. Evrópuráðið vinnur nú eftir sérstökum áætlunum um að aðstoða þau lönd, sem eru að þróast í átt að lýðræði, við gerð nýrra námsskráa og kennsluefnis í þessum mikilvægu málaflokkum. Töluverður fjöldi þeirra sem móta stefnuna og annast framkvæmd hennar í nýju lýðræðisríkjunum hefur fengið fræðslu um þessa nýju aðferðafræði.

Í upphafi ársins 1996 ýtti Evrópuráðið úr vör sérstakri áætlun til aðstoðar Bosníu og Hersegóvínu með það að markmiði að skipuleggja kennslu um mannréttindi en í því skyni hefur ráðið starfrækt sumar-skóla á hverju ári fyrir nokkur hundruð kennara grunn- og framhaldsskóla.

**Framhaldsskóla-  
menntun í Evrópu**

Með verkefninu er leitast við að sýna með hvaða hætti framhaldsskólar geti búið ungt fólk undir nám, þjálfun, starf, hreyfanleika, tómstundir og daglegt líf í lýðræðislegri Evrópu þar sem margvíslegra menningaráhrifa gætir.

Endurskoðun á markmiðum og inntaki framhaldsskólamenntunar, kennsluaðferðum, samstarf milli skóla og samfélags, menntun kennara og vottorð um menntun og hæfi eru til umfjöllunar á röð málþinga. Sérstakri athygli er beint að yfirstandandi endurskoðun í nýju lýðræðisríkjunum. Evrópuráðið hefur einnig gefið út leiðbeiningar um framhaldsskólamenntun með sérstöku efni fyrir hvert land.

Einnig er fjallað um Evrópuþáttinn í framhaldsskólamenntun í sérritum er lýsa hagnýtum framtaksverkefnum og í kennsluefni um evrópsk viðfangsefni. Loks hefur Evrópuráðið komið á neti innlendra samskiptaaðila sem eiga að ýta undir tengsl og skipti milli skóla. Niðurstöður verkefnisins eru til umfjöllunar í málstofum sem eru haldnar fyrir allt landið eða innan héraða.

**Öryggi grundvallað  
á lýðræði,  
félagsleg samheldni  
og stefna í  
menntamálum**

Hluti af starfi Evrópuráðsins er að vera samevrópskur vettvangur fyrir menntastefnu í málum er varða öryggi, grundvallað á lýðræði, og félagslega samheldni. Markmiðið er að rannsaka helstu vandamál fljótt og með skilvirkum hætti og einkum:

- að skilgreina helstu vandamál á sviði menntamála er varða hina nýju Evrópu;
- að leggja áherslu á strauma, viðmiðunarreglur og valkosti í menntastefnu aðildarríkjanna;
- að greiða fyrir samræðum innan Evrópu milli þeirra sem taka ákvarðanir, kennara, foreldra og frjálstra samtaka með því að skiptast á upplýsingum og kynna nýjar hugmyndir og góðar starfsvenjur.

**Menntun sem  
grundvöllur fyrir  
lýðræðislegum  
réttindum og  
skyldum borgaranna**

Með verkefni menningarsamvinnuráðsins „Menntun sem grundvöllur fyrir lýðræðislegum réttindum og skyldum borgaranna“ (EDC) er leitast við að bregðast við knýjandi þörf aðildarríkjanna á að endurmeta hvaða þýðingu virkt lýðræði hefur svo og stöðu borgaranna í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa í kjölfar heimsvæðingar, sameiningar Evrópu og tækni framfara. Það verður æ ljósara að sérhver borgari gegnir vaxandi hlutverki við að berjast gegn öfgum og tryggja stöðugleika lýðræðisins og félagslega samheldni. Með EDC-verkefninu er leitast við að finna leiðir til að hvetja fólk til að takast á við þessi mál í ólgu pólitískra sviptinga.

Ákvörðun leiðtogafundarins í Strassborg um að „efna til átaks fyrir lýðræðisleg réttindi og skyldur borgaranna“ verður komið til framkvæmda með því að tengja hana framkvæmd skyldra málaflokka (svo sem stjórnámálum, mannréttindum, æskulýðsmálum o.s.frv.).

<b>Æðri menntun</b>	Nefnd Evrópuráðsins um æðri menntun og rannsóknir (CC-HER) leitar lausna á þeim vandamálum sem blasa við í evrópskum háskólum og öðrum æðri menntastofnunum. Þar skapast vettvangur fyrir fulltrúa ráðuneyta og háskóla til að skiptast á skoðunum og móta evrópskar áætlanir. Í þeirri forgangsröð, sem nú er unnið eftir, eru meðal annars símenntun á háskólastigi, Evrópurannsóknir á lýðræðislegum réttindum og skyldum borgaranna, viðurkenning á vottorðum um menntun og hæfi og umbætur á löggjöf um æðri menntun í nýju lýðræðisríkjunum.
<b>Áætlun um umbætur á lögum um æðri menntun (LRP)</b>	Markmiðið með áætluninni er að aðstoða nýju aðildarríkin við að bæta löggjöf sína um æðri menntun. Að þessu er unnið með: <ul style="list-style-type: none"> <li>• aðstoð ráðgefandi nefnda;</li> <li>• aðstoð fjölþjóðlegra vinnuhópa sem greina sameiginleg málefni er varða þróun æðri menntunar;</li> <li>• fjölþjóðlegum námsferðum þar sem sjónum er beint að ákveðnum þáttum í löggjöf og stefnu á sviði æðri menntunar;</li> <li>• útgáfu ritraðar um samanburðarrannsóknir.</li> </ul>
<b>Rannsóknir í menntamálum</b>	Hjá Evrópska skjala- og upplýsingakerfinu á sviði menntamála (EUDISED) er niðurstöðum rannsókna á sviði menntamála hvaðanæva úr Evrópu safnað saman og miðlað áfram. Stefnumarkandi aðilar, fræðimenn og kennarar geta fengið aðgang að gagnagrunninum um Netið. Evrópuráðið hefur, ásamt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, umsjón með og skipuleggur evrópskt menntaorðasafn sem er raðað eftir lykilorðum og hægt er að fletta upp í á 17 tungumálum.
<b>Tungumálastefna í fjöltyngdri Evrópu þar sem margvíslegra menningaráhrifa gætir</b>	<b>SAMSKIPTI, GAGNKVÆMUR SKILNINGUR OG HREYFANLEIKI</b> Markmiðið með nýju tungumálaverkefni menningarsamvinnuráðsins á sviði nútímatungumála er að hvetja til fjölbreyttari kennsluáðferða í tungumálakennslu í tengslum við lýðræðisleg réttindi og skyldur borgara í Evrópu. Verkefnið felur til að mynda í sér greiningu á stefnum í tungumálum og skipulag árangursríkra áætlana til að ná fram meiri fjölbreytni og er þar með talin mótun og forkönnun á sameiginlegum evrópskum viðmiðunum í þessu skyni. Sérstök áhersla er lögð á menntun á þvermenningarlegum grundvelli, alþjóðlega viðurkenningu á sambærilegum vottorðum um menntun og hæfi til að auka hreyfanleika og bæta atvinnumöguleika, og símenntun sem er forsenda þátttöku í alþjóðlegu samfélagi menntunar.

**Evrópumiðstöð  
nútímatungumála**

Miðstöðinni var komið á fót í Graz í Austurríki með hlutasamningi, sem fleiri gerðust aðilar að síðar, er gilda átti í upphafi til þriggja ára (1994–1997). Gildistíminn var síðar lengdur fram í desember 1998. Til þessa hafa 25 ríki undirritað samninginn. Miðstöðin er vettvangur þeirra sem annast kennslu verðandi kennara, stjórnenda kennslunámskeiða, höfunda námsefnis og námsskráa, sérfróðra um menntunarstaðla og aðferðir við að meta og votta nám, svo og embættismanna sem bera ábyrgð á stefnumótun í tungumálakennslu. Miðstöðin hefur það sérstaka verkefni að vinna að framkvæmd mótaðrar stefnu í tungumálanámi og nýjunga á því sviði. Jafnframt skal hún kynna góðar starfsvenjur í námi og kennslu í nútímatungumálum.

**Lýðræði,  
mannréttindi og  
minnihlutahópar:  
þættir er varða  
menntun og  
menningu**

Þessu þverfaglega verkefni, sem nú er lokið, var hrundið af stað í kjölfar leiðtogafundarins í Vín (1993). Í verkefninu, sem byggir á umfangsmiklu starfi Evrópuráðsins er varðar menntun á þvermenningarlegum grunni, er lögð sérstök áhersla á þrjú viðfangsefni:

- úrlausnir í margbreytilegu lýðræðissamfélagi;
- réttindi minnihlutahópa, með tilliti til menntunar og menningar, og menningarlega samheldni;
- sögu, minni og arfleifð.

**Sögukennsla  
í skólum**

Á leiðtogafundinum í Vín lögðu ríkis- og ríkisstjórnarleiðtogar áherslu á að brýna nauðsyn bæri til að styrkja „áætlanir um að koma í veg fyrir fordóma í sögukennslu með því að taka ríkt fram að lönd, trúarhópar og hugmyndir, sem koma við sögu í Evrópu, hefðu gagnkvæm og jákvæð áhrif“. Evrópuráðið vinnur nú að verkefni sem miðar að því að vekja áhuga ungs fólks á nútímasögu Evrópu. Með því að kynna sér málefni, er varða mannréttindi, konur og þjóðernishyggju á 20. öldinni, öðlast nemendur dýpri skilning á því hvernig þeir vilja að Evrópa verði sem búsetusvæði í framtíðinni. Hluti af verkefninu er að bjóða kennurum og þeim sem annast gerð námsskráa hagnýt ráð og tillögur að úrlausnum.

**Evrópa í skólum:  
Skólakeppni Evrópu**

Evrópuráðið, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Evrópuþingið og menningarsjóður Evrópu hafa styrkt sameiginlega þennan árlega viðburð í skólum. Markmiðið er að vekja áhuga nemenda á málefnum Evrópu. Árið 1997 tóku nokkur hundruð þúsund nemendur þátt í keppninni í 31 landi. Vaxandi fjöldi meðal nýju lýðræðisríkjanna tekur nú þátt í keppninni.

Árið 1999 verður keppnin helguð 50 ára afmæli Evrópuráðsins og hlutverki mannréttinda í daglegu lífi ungs fólks.



**Áætlun um starfsþjálfun fyrir kennara**

Markmiðið með þessari áætlun er að útvega kennurum starfsþjálfun í skamman tíma í öðrum aðildarlöndum og auka þannig faglega reynslu þeirra. Á hverju ári bjóðast um 1000 stöður og standa þær einkum kennurum frá nýjum aðildarríkjum til boða. Þau námskeið, sem hafa verið skipulögð á vegum áætlunarinnar, varða einkum forgangsverkefni Evrópuráðsins en þau eru: lýðræðisleg réttindi og skyldur borgaranna, mannréttindi, menntun á þvermenningarlegum grunni, tengsl og skipti milli skóla, nútímatungumál, saga og Evrópuþátturinn í kennslunni.

**Tengsl og skipti milli skóla**

Evrópuráðið hefur skilning á því að tengsl og skipti milli skóla eru mikilvæg fyrir samruna í Evrópu og kom því árið 1991 á fót samskiptakerfi fyrir tengsl og skipti milli skóla. Með samskiptakerfinu er ætlunin:

- að efla menntunarpáttinn í tengslum og skiptum milli skóla með því að veita kennurum starfsþjálfun;
- að gefa út gæðastaðla og greiða fyrir umræðu um þá;
- að aðstoða aðildarríkin við að koma upp nauðsynlegum grunnvirkum til þess að unnt verði á koma á tengslum milli skóla.

**Áætlun Evrópuráðsins um skipti milli skóla**

Markmiðið með áætluninni er að stuðla að samruna í Evrópu með því að bjóða styrki til nemenda á efri stigum framhaldsskóla til náms í þrjá til níu mánuði í öðrum löndum Evrópu. Áætlunin byggir á hugmyndinni um samskipti menningarsvæða og þar gegnir tungumálakunnátta minni háttar hlutverki. Þátttakendur dvelja hjá gestafjölskyldum og ganga í skóla með jafnöldrum sínum í gistiríkinu. Áætlunin er framkvæmd í samvinnu við samtök með reynslu á þessu sviði.

**Hreyfanleiki háskólafélks og viðurkenning vottorða um menntun og hæfi**

Samningur Evrópuráðsins og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um viðurkenningu á menntun og hæfi að því er varðar æðra skólastig á Evrópusvæðinu auðveldar viðurkenningu og greiðir þannig fyrir því að fólk og hugmyndir fari á milli stofnana á æðra skólastigi. Evrópuráðið hefur, í samstarfi við menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, rekið net innlendra upplýsingamiðstöðva um hreyfanleika háskólafélks og viðurkenningu vottorða um menntun og hæfi.

---

**TIL FRÓÐLEIKS**    **Útgáfa Evrópuráðsins**

**School links and exchanges:  
a practical guide** (1994)  
ISBN 92-871-2270-9

**Adult education in member countries**  
(1994), ISBN 92-871-2330-6

**Roma, Gypsies, Travellers**  
Jean-Pierre Liégeois (1994)  
ISBN 92-871-2349-7

**Media education in 1990s Europe**  
(1994), ISBN 92-871-2374-8

**The case for intercultural education**  
Antonio Perotti (1994)  
ISBN 92-871-2326-8

**Difference and cultures in Europe**  
Carmel Camilleri, Francis Affergan,  
Jacqueline Costa-Lascoux, Michel Oriol  
(1995), ISBN 92-871-2599-6

**Specificities and universality: problems  
of identities**, Driss Dadsì (1995)  
ISBN 92-871-2688-7

**Series of monographs on the  
European dimension of secondary  
education** (yfir 10 titlar)

**Series of monographs on secondary  
education in the member states**  
(yfir 20 titlar)

**Adult education at the Council of  
Europe – challenging the future  
(1960-93)**, Gérald Bogard (1994)  
ISBN 92-871-2487-6

**Communication in the modern  
languages classroom**, Joe Sheils (1991)  
ISBN 92-871-1552-4

**Links–Newsletter of the European  
Network on School Links and  
Exchanges**

**Aðrar útgáfur:**

**EUDISED European Educational  
Research Yearbook**  
(gefin út hjá K. G. Sauer, Munchen,  
1995), ISSN 0947-5826

**Vefsetur**    <http://culture.coe.fr>

## Menning og menningararfleifð

<b>Menningarsáttmáli Evrópu: rammi um aðgerðir</b>	Menningarsáttmálinn er rammi um starf Evrópuráðsins á sviði menntunar, menningar, arfleifðar, íþróttar og æskulýðsmála. Menningarsamvinnuráðið (CDCC) og menningarsjóðurinn annast framkvæmd samningsins.
<b>Menningarvitund og margbreytileiki evrópskrar menningar</b>	<p>Það er margbreytileikinn sem hefur gert evrópska menningu, sameiginlega arfleifð og einingarband Evrópu, svo auðuga sem raun ber vitni.</p> <p>Markmiðið með menningaráætlun Evrópuráðsins er:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• að efla skilning á hinni fjölbættu evrópsku menningarvitund og móta hana áfram;</li><li>• að takast á við viðfangsefni evrópsks samfélags.</li></ul>
<b>Stefna í menningarmálum og menningarstarfsemi</b>	Í Evrópuáætlun um endurskoðun aðildarríkjanna á stefnu sinni í menningarmálum er hvatt til þess að þau skiptist á upplýsingum um reynslu sína til að unnt verði að draga hagnýtar ályktanir af vel eða miður heppnuðum aðgerðum einstakra landa eða svæða og koma auga á sambærileg vandamál. Stefnan í menningarmálum hefur þegar verið endurskoðuð í Frakklandi, Svíþjóð, Hollandi, Finnlandi, Austurríki, Ítalíu, Eistlandi, Búlgaríu, Rússlandi, Slóveníu og Litháen og slík endurskoðun stendur yfir í Lettlandi, Króatíu og Portúgal.
<b>Svæðisbundin menningarstarfsemi</b>	<p>Í kjölfar verkefnisins <i>Menning og svæði</i>, sem lauk árið 1991, var komið á fót neti fræðslumiðstöðva í Evrópu ásamt ferðastyrkjakerfi fyrir menningarstjóra.</p> <p>Evrópuráðið styður einnig samvinnuverkefni listamanna milli svæða og hvetur til þess að evrópsk samtök á sviði lista og menningar skapi sér samstarfsvettvang þar sem rædd verði veigamikil mál er varða stefnumótun í menningarmálum í Evrópu.</p>
<b>Efning kvikmyndagerðar í Evrópu</b>	<p>Nefnd sérfræðinga um kvikmyndir gerði drög að Evrópusamningi um samframleiðslu kvikmyndaverka en með honum er leitast við að tryggja framtíð evrópskrar kvikmyndagerðar með samframleiðsluverkefnum í gæðaflokki.</p> <p>Til yfirstandandi verkefna teljast verndun arfleifðar á sviði hljóð- og myndmiðlunar, dreifing, menningarleg áhrif talsetninga og skjátexta og kvikmyndir fyrir börn og ungmenni, sem var umræðuefni áttundu ráðstefnu menningarmálaráðherra í Evrópu í Búdapest í október 1996.</p>

- Eurimages-sjóðurinn** Árið 1988 stofnaði Evrópuráðið Eurimages-sjóðinn með hlutasamningi en honum er ætlað að styðja við samframleiðslu, dreifingu og sýningar leikinna evrópskra kvikmynda og heimildamynda. Nú eiga 24 ríki aðild að samningnum og nema árlegar fjárveitingar tæpum 150 milljónum franskra franka. Fyrst um sinn var það skilyrði sett fyrir umsókn um fjárframlög til leikinna kvikmynda í fullri lengd að óháðir framleiðendur frá að minnsta kosti þremur samningsríkjum tækju þátt í verkefninu en nú hefur framkvæmdastjórn sjóðsins samþykkt að styðja samframleiðslu tveggja ríkja. Stuðningur til dreifingar á kvikmyndum og til kvikmyndahúsa stendur þeim aðildarríkjum til boða sem hafa ekki aðgang að Media II-áætlun Evrópusambandsins sem styrkir dreifingu kvikmynda og kvikmyndahús.
- Menning, boðskipti og ný tækni** Evrópuráðið hyggst auka skilning á því hver hlutur menningar er í nýrri tækni og móta og auka hlutverk hennar í framtíðinni.
- Miklu skiptir að rannsaka áhrif nýrrar tækni á tilurð og útbreiðslu menningar, vinna að menningarlegum réttindum listamanna og þjálfu unga framleiðendur.
- Framar öðru er rétt að hvetja til sköpunar í Evrópu og leita nýrra framleiðsluverkefna. Rannsaka þarf samspil milli ólíkra miðla, höfunda þeirra og notenda í ljósi þróunar nýrrar tækni.
- Sérstök áhersla var lögð á viðfangsefni á sviði nýrrar tækni á leiðtogafundinum í Strassborg (október 1997).
- Rafútgáfur, bækur og skjalasöfn** Árið 1992 beindi ráðstefna menningamálaráðherra Evrópu sjónum að mikilvægi rafrænna miðla og prentmiðla með tilliti til menningar og lýðræðis. Í kjölfarið var hrundið af stað verkefni til að styðja við og kynna evrópsk gildi og menningu í rituðu máli, bæði með rafrænum miðlum og á prentmiðlum. Meðal sértækra verkefna má nefna tillögur að lagaákvæðum og stefnumótun varðandi bækur, fræðslu fyrir bóksala, útgefendur og bókasafnsfræðinga með tilliti til nýrrar tækni, styrki til þýðenda, þróun nýrrar upplýsingatækni fyrir útgáfustarfsemi og stuðning við lýðræðislegri aðgang að skjalasöfnum með því að leggja fram drög að tilmælum og með tölvuvæðingu Komintern-skjalasafnsins.
- Evrópskar listaverka-sýningar** Með því að efna til listaverkasýninga hyggst Evrópuráðið auka skilning og áhuga á menningararfleifð Evrópu. Til þessa hafa verið settar upp 24 sýningar þar sem fjallað er um merkustu menningartímabil álfunnar, frá forsögulegum tíma til nútíðar. Á sýningunum hefur einnig verið fjallað um samspil lista og samfélags í Evrópu.

Viðfangsefni næstu sýninga verða annars vegar sýningin „Evrópa á tímum Ódysseifs – List á bronstímanum“ (í Kaupmannahöfn, Bonn, París og Aþenu frá desember 1998 til apríl 2000) og hins vegar sýningin „1648 – Stríð og friður í Evrópu“ sem haldin er í tilefni af 350 ára afmæli Westfalen-sáttmálans (í Münster og Osnabrück frá október 1998 til janúar 1999).

**Á slóðum menningarinnar**

Verkefninu *Á slóðum menningarinnar* er ætlað að minna Evrópubúa á sameiginlegan menningarlegan bakgrunn sinn með framsæknu menningarstarfi á sviði ferðamála og er leitast við að endurvekja menningararfleifð staða og svæða – nokkuð sem vill gleymast á stundum. Evrópuráðið hvetur til dáða og annast samhæfingu í samvinnu við yfirvöld og fjálsamtök til að tryggja að þær slóðir, sem verða fyrir valinu, hafi menningarlegt gildi í Evrópu. Viðfangsefnin eru meðal annars silki og vefnaður, barokktímabilið, byggð í sveitum, áhrif klaustra, víkingar og Hansasambandið.

Evrópustofnun um menningarslóðir hefur aðsetur í Lúxemborg og aðstoðar Evrópuráðið við að skipuleggja og stýra þessu verkefni.

**Kynning menningararfleifðarinnar**

Nefnd um menningararfleifðina annast kynningu og varðveislu sögulegar arfleifðar og byggingararfleifðar.

Í samningi um friðun byggingararfleifðar og samningi um friðun evrópskrar byggingararfleifðar eru markmið, er stefna að því að varðveita og auka veg evrópskrar byggingararfleifðar, felld saman, endurbætt og samræmd og mynda þar með lagamma um alþjóðlega samvinnu. Leiðtogafundurinn í Strassborg gaf samningunum aukið vægi með því að hleypa af stokkum herferð árið 1999 sem bar titilinn „Evrópa – sameiginleg arfleifð“.

Starf á vegum áætlunar um milliríkjasamvinnu tekur til eftirfarandi sviða:

*Menningararfleifð og samfélag:* Arfleifðin er mikilvæg fyrir samheldni í Evrópu. Náttúrulegt og manngert umhverfi mynda eina heild sem ber að virða, varðveita og styrkja. Starf á vegum áætlunarinnar er tvíþætt; annars vegar byggist það á upplýsingagjöf og sjálfbóðaliðastarfi og hins vegar á langtímapróun í stjórnun, ferðamálum og atvinnumálum.

*Samvinna sérfræðinga:* Nauðsynlegt er að skilgreina og nota sameiginlegar aðferðir við að varðveita menningararfleifðina, einkum þær er varða baráttu gegn ólöglegum viðskiptum með menningarverðmæti, forvörslu og aukið gildi byggingararfleifðar við skipulagningu þéttbýlissvæða. Forvörslu- og námsstofnun Evrópu á sviði menningararfleifðar (FEMP) styrkir menntun og þjálfun sérfræðinga.

*Samvinna og aðstoð á sviði tæknimála:* Áætlun um samvinnu og aðstoð á sviði tæknimála stendur landsyfirvöldum og sveitar- og héraðsstjórnnum til boða og gerir þeim kleift að taka beinan þátt í hvers konar starfi er lýtur menningararfleifð í borgum og sveitum (varðveislu, stjórnun, auknu vægi og uppbyggingu). Sérstökum aðgerðaráætlunum og tilraunaverkefnum hefur verið hrundið af stað til aðstoðar nýjum aðildarríkjum sem hafa undirritað menningarsáttmála Evrópu.

**Forvörslu- og námsstofnun Evrópu á sviði menningararfleifðar (FEMP)**

Stofnuninni er ætlað að „ýta undir framfarir og kynningu forvarna vegna menningararfleifðarinnar“. Evrópuráðið hafði frumkvæði að því að koma henni á fót árið 1966 sem sjálfseignarstofnun og sér henni jafnframt fyrir skrifstofuaðstöðu.

Stofnunin styður við þróun yfirstandandi og fyrirhugaðra áætlana um starfsnám og aðstoðar við tæknilega og fjárhagslega hlið alþjóðlegra tilraunaverkefna. Einnig skipuleggur stofnunin alþjóðleg upplýsingaskipti, kemur á samskiptakerfum sérfræðinga og veitir styrki til að efla vitund almennings, einkum ungs fólks.

---

**TIL FRÓÐLEIKS**

**Útgáfa Evrópuráðsins**

**European Cultural Convention**  
(ETS/SES nr. 18) (1982)  
ISBN 92-871-0074-8

**Convention for the Protection of the Architectural Heritage of Europe**  
(ETS/SES nr. 121) (1985)  
ISBN 92-871-0799-8

**European Convention on the Protection of Archaeological Heritage** (endurskoðuð útgáfa) (ETS/SES nr. 143) (1992)  
ISBN 92-871-2052-8

**Compendium of basic texts of the Council of Europe in the field of cultural heritage** [CC-PAT (97) 59 Inf.] (1997)

**Report on cultural heritage policies in Europe** [CC-PAT (96) 71-98 Inf.] (1996)

**In for the Margins: A contribution to the debate on culture and development in Europe** (1997), ISBN 92-871-3336-0

**40 years of cultural co-operation 1954-94** (1997), ISBN 92-871-3231-3

**Eurimages Guide**

**Periodicals and bulletins: European Heritage**

*Crafts and Heritage* (Nr. 1/88-10/97)

*Newsletter* (frá 1998)

**EXCHANGES: European Heritage Classes and Education**

**Vefsetur**

<http://culture.coe.fr>

<http://culture.coe.fr/skills> (Forvörslu- og námsstofnun Evrópu á sviði menningararfleifðar)

## Íþróttir

<b>Meningarsáttmáli Evrópu: rammi um aðgerðir</b>	<p>Evrópuráðið byggir einnig starfsemi sína á sviði íþróttamála á menningarsáttmála Evrópu.</p> <p>Nefnd um þróun í íþróttum (CDDS) og íþróttasjóðurinn sjá um framkvæmd sáttmálans. Ísrael hefur áheyrnarfulltrúa í nefndinni.</p>
<b>Stuðlað að umburðarlyndi, sanngirni og lýðræði í íþróttum fyrir alla</b>	<p>Evrópuráðið fer tvær leiðir við að varðveita heiðarleika og drengskap í íþróttum en lögð var áhersla á hið fyrrnefnda á Strassborgarfundinum. Þessar leiðir eru:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• að styðja íþróttir fyrir alla í því skyni að auka lífsgæði, auðvelda félaglega aðlögun og stuðla að félagslegri samheldni, einkum meðal ungs fólks;</li><li>• að ýta undir umburðarlyndi á grundvelli íþróttar og verja íþróttir gegn þeim alvarlegu ógnum sem að þeim steðja.</li></ul> <p>Evrópuráðið telur íþróttir gefa gott fordæmi og hlutverk þeirra í samfélaginu markvert svo og framlag þeirra til almannaheilbrigðis og tekur af þeim sökum þátt í aðgerðum á þessum sviðum.</p>
<b>Lýðræði á grundvelli íþróttar og í íþróttum, félagsleg aðlögun og þroski einstaklingsins</b>	<p>Samþykkt samningsins um íþróttir fyrir alla árið 1975 breytti íþróttum í Evrópu og stuðlaði að stóru auknu lýðræði í þeim. Rúmum tveimur áratugum síðar freistar Evrópuráðið þess enn að ná viðlíka árangri og hvetur til svipaðrar þróunar í nýju aðildarríkjunum, meðal annars með því að ýta undir starfsemi áhugamanna.</p> <p>Frá árinu 1992 hefur nefndin um þróun í íþróttum starfað á grundvelli Evrópusáttmála um íþróttir (ný gerð sáttmálans frá 1975) og siðareglna í íþróttum. Markmið hennar er að veita öllum aðgang að viðurkenndum, öruggum og heilbrigðum íþróttum með sem mestri samvinnu og eðlilegri dreifingu ábyrgðar milli opinberra aðila og fjálsra samtaka.</p>
<b>Velferð einstaklingsins</b>	<p>Nefndin um þróun í íþróttum hefur á grundvelli ítarlegra rannsókna, er sýna fram á nán tengsl milli líkamsæfinga og heilbrigðis, komið á margvíslegri starfsemi með það að markmiði að ýta undir heilbrigða lífshætti og þátttöku í íþróttum.</p>

- Eurofit-prófin** Þessi próf, sem mæla líkamlega hreysti með því að reyna á liðleika, hraða, þol og styrk, eru ætluð skólabörnum og eru notuð víða í evrópskum skólum.
- Einnig hafa verið gerð Eurofit-próf fyrir fullorðna.
- Lyfjamisnotkun: keppnisgleði eða lyfjahækjur?** Markmiðið með samningnum gegn misnotkun lyfja í íþróttum (1989) er að draga úr og koma að lokum í veg fyrir misnotkun lyfja í íþróttum á öllum stigum með því að setja bindandi reglur til að samhæfa reglugerðir á þessu sviði.
- Í samningnum er að finna ákvæði:
- um takmörkun dreifingar á lyfjum;
  - um fjölgun lyfjaprófa og bættar starfsreglur um eftirlit með lyfjanotkun;
  - um stuðning við uppfræðslu og upplýsingagjöf;
  - er tryggja að refsingar hafi tilætluð áhrif.
- Til er fræðslu- og upplýsinganámsefnið „Clean Sports Guide“ (unnið í samvinnu við Evrópusambandið) fyrir skóla og íþróttasamtök.

## UMBURÐARLYNDI Á GRUNDELLI ÍÞRÓTTA

- Knattspyrna: leikgleði eða óspektir?** Harmleikurinn í Heysel árið 1985 hverfur aldrei úr minni. Evrópusamningur um ofbeldi og ótilhlýðilega hegðun áhorfenda á íþróttamótum var gerður skömmu eftir atburðinn. Framkvæmdanefnd hefur eftirlit með því að farið sé að ákvæðum hans og mælir fyrir um hagnýtar ráðstafanir (svo sem 70 atriða gátlista sem fara ber yfir fyrir stærri íþróttaviðburði).

- Í samningnum er einkum mælt með:
- lögregluvakt á leikvangi og aðkomuleiðum;
  - aðskilnaði áhangenda andstæðra fylkinga;
  - eftirliti með miðasölu;
  - útilokun vandræðaseggja;
  - takmörkun á sölu áfengra drykkja;
  - öryggiseftirliti;
  - skýrri skiptingu ábyrgðar milli skipuleggjenda og yfirvalda;
  - traustri byggingu leikvanga og lausra áhorfendapalla til að tryggja öryggi áhorfenda.

Yfir stendur sérstakt átak til að koma í veg fyrir kynþáttamisrétti og kynþáttafordóma á íþróttaviðburðum.



**Íþróttir, umburðar-  
lyndi og drengskapur**

Í maí 1996 stóð nefndin um þróun í íþróttum ásamt hollenskum yfirvöldum fyrir mjög árangursríkum hringborðsumræðum um íþróttir, umburðarlyndi og drengskap. Í kjölfarið voru skipaðir sendiherrar íþróttar, umburðarlyndis og drengskapar í mörgum aðildarríkjum. Ruud Gullit var skipaður sendiherra Evrópu. Hlutverk sendiherranna er að hvetja til drengskapar í íþróttum í löndum sínum og ýta úr vör áætlunum til að kenna og hvetja til umburðarlyndis í íþróttum.

**Ný verkefni**

Mjög hefur fjölgað í nefndinni um þróun í íþróttum og því hefur hún sett fram áætlun um gagnkvæma aðstoð, SPRINT-áætlunina, til að aðstoða ný aðildarríki við að endurskipuleggja íþróttir í löndum sínum. Í áætluninni er fjallað um eftirfarandi:

- samþykkt löggjafar um íþróttir;
- fjármögnun íþróttar;
- þjálfun íþróttastjórnenda;
- stuðning við íþróttir áhugamanna.

Til að tryggja að alls staðar í Evrópu sé farið eftir meginreglum Evrópusáttmálans um íþróttir stendur nefndin um þróun í íþróttum fyrir margs konar stuðningsstarfsemi (þjálfunar- og kynningarnám-skeiðum) í því skyni að hvetja til þess að tilteknum greinum sáttmálans sé beitt með hagnýtum hætti sem miðar til dæmis að því:

- að vernda íþróttir gegn óæskilegum áhrifum (berjast gegn for-dómum, stuðla að sannri íþróttamennsku og drengskap);
- að koma í veg fyrir mismunun í íþróttum (gefa út upplýsingar um beitingu meginreglna sáttmálans um íþróttir fyrir alla, íþróttir fyrir fatlaða, starfsemi er varðar konur og íþróttir);
- að sýna fram á tengsl milli íþróttar og heilbrigðis;
- að verja hlut íþróttar í menntun á grundvelli stefnuyfirlýsingarinnar í Lissabon;
- að skiptast á upplýsingum um nýjungar í aðstöðu til íþróttaiðkunar.

**Upplýsingamiðstöð:  
evrópskt  
íþróttaskjalasafn**

Evrópsk upplýsingamiðstöð íþróttamála í Brussel safnar upplýsingum um stefnumál, verkefni og rannsóknaráætlanir um net innlendra upplýsingafulltrúa í íþróttamálum (SIONET) og sérfræðinga á sviði íþróttarannsóknar (SRONET).

---

**TIL FRÓÐLEIKS Útgáfa Evrópuráðsins**

**European Convention on Spectator Violence and Misbehaviour at Sports Events and in particular at Football Matches** (ETS/SES nr. 120) (1987)  
ISBN 92-871-0796-3

**Anti-Doping Convention** (ETS/SES nr. 135) (1989), ISBN 92-871-1782-9

**European Charter on Sport for All: disabled persons** (1987)  
ISBN 92-871-0991-5

**European Sports Charter** (1992)

**Code of Sports Ethics** (1992)

Aðrar útgáfur

*Sports Information Bulletin*  
(Upplýsingamiðstöð, 4 hefti á ári)

**The Council of Europe's work on Sport 1967-91** (1992), 2 bindi,  
ISBN 92-871-2102-8 (I. bindi)  
ISBN 92-871-2104-4 (II. bindi)

**Eurofit for children: tests of physical fitness** (1993, önnur endurskoðuð útgáfa)

**Eurofit for adults –Assessment of health-related fitness** (1995)  
ISBN 92-871-2765-4

**The significance of sport for society: health, socialisation, economy** (1995)  
ISBN 92-871-2716-6

*Sports structures in Europe*  
(Upplýsingamiðstöð, ársfjórðungslega)

Vefsetur: <http://culture.coe.fr>

## Æskulýðsmál

<b>Menningarsáttmáli Evrópu: rammi um aðgerðir</b>	<p>Menningarsáttmálinn er rammi um starf Evrópuráðsins á sviði menntunar, menningar, arfleifðar, íþróttar og æskulýðsmála.</p> <p>Menningarsamvinnuráðið (CDCC) og menningarsjóðurinn annast framkvæmd samningsins.</p>
<b>Evrópusamstarf: þátttaka ungs fólks</b>	<p>Núorðið aðhyllast flestir Evrópubúar þau grundvallargildi er varða frelsi einstaklinga, lýðræði, umburðarlyndi, andstöðu við ofbeldi o.s.frv. Eigi þessi gildi að leiða til nánari einingar í Evrópu er nauðsynlegt að fá ungt fólk til að vinna að þeim.</p> <p>Af þeim sökum leitast Evrópuráðið við:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• að búa ungt fólk undir að verða virkir borgarar í löndum sínum, Evrópu og á alþjóðavettvangi;</li><li>• að fá ungt fólk til að taka þátt í að móta framtíð sína.</li></ul>
<b>Æskulýðsmiðstöðvar Evrópu: sameining ungs fólksins</b>	<p>Æskulýðsmiðstöðvar Evrópu (EYC) eru menntasetur og dvalarstaðir fyrir ungt fólk frá öllum löndum Evrópu og víðar að. Þar fer fram margvísleg starfsemi fyrir ungt fólk sem tekur virkan þátt í ungmennasamtökum. Fyrstu miðstöðinni var komið á fót í Strassborg árið 1972. Aukið ferða- og samskiptafrelsi ungs fólks í Evrópu varð síðan til þess að Evrópuráðið kom á fót annarri æskulýðsmiðstöð í Búdapest í Ungverjalandi í desember 1995, í tilraunaskyni til þriggja ára.</p> <p>Miðstöðvarnar hafa samstarf við margs konar alþjóðasamtök ungmenna, þar á meðal hópa sem starfa að stjórnámálum, félags- og menntunarmálum og trúarhópa, ungmennahreyfingar í dreifbýli, stéttarsamtök og samtök ungra launþega.</p> <p>Evrópuráðið skipuleggur starf með frjálsum samtökum ungmenna er gerir ungu fólki kleift að afla sér þekkingar um sameiginleg áhugamál og kynnast menningu annarra þjóða.</p> <p>Árlega koma yfir 2000 ungmenni saman á vegum miðstöðvanna til að taka þátt í námskeiðum, fundum og ráðstefnum um ýmiss konar mál-efni, eins og atvinnuleysi ungs fólks, fjölmiðlun og vaxandi fordóma.</p> <p>Æskulýðsmiðstöðvar Evrópu bjóða einnig upp á tungumálanámskeið og starfsþjálfunarnámskeið.</p> <p><i>Starfsþjálfunarnámskeið:</i> Markmiðið með þessum námskeiðum er að gera alþjóðastarf ungmenna virkara:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• „Skipulagning alþjóðastarfs ungmenna“ (T.C.1);</li><li>• „Starf innan alþjóðasamtaka ungmenna“ (T.C.2);</li><li>• „Námskeið fyrir leiðbeinendur“ (T.C.3), sniðið fyrir þá sem starfa með ungmennum eða stýra slíkri starfsemi og hyggjast sjálfir bjóða upp á námskeið af þessu tagi.</li></ul>

Einnig er á hverju ári boðið upp á lengri starfsþjálfunarnámskeið í æskulýðsmiðstöðvunum. Þau standa í átta mánuði og miða að því að gera þátttakendum kleift að móta evrópsk æskulýðsverkefni og koma á fót samskiptanetum er stuðla að félagslegri einingu og aukinni þátttöku ungs fólks úr minnihlutahópum í alþjóðastarfi ungmenna, sem hvetur aftur til þátttöku annarra.

*Tungumálanámskeið:* Æskulýðsleiðtogar, sem hafa áhuga á að starfa á alþjóðavettvangi, geta bætt tungumálakunnáttu sína á tungumálanámskeiðum æskulýðsmiðstöðvanna.

Hópur fólks, sem býr yfir mikilli reynslu og þekkingu á því hvað alþjóðlegt starf útheimtir sérstaklega, kennir á námskeiðum á þýsku, ensku, spænsku, ítölsku, portúgölsku, frönsku og, frá 1997, rússnesku.

Á árinu 1998 voru veittar tæpar 22 milljónir franskra franka til æskulýðsmiðstöðvanna.

**Fjármögnun** Æskulýðssjóður Evrópu (EYF) fjármagnar alþjóðastarf ungmennasamtaka.

Frá stofnun sjóðsins árið 1972 hefur hann veitt yfir 170 milljónir franskra franka til verkefna þar sem 200 000 ungmenni frá 40 löndum tóku þátt.

Sjóðurinn styrkir bæði margvíslega starfsemi og rekstur alþjóðasamtaka ungmenna. Á þennan hátt stuðlar hann að samræmingu milli ýmissa ungmennasamtaka.

Á árinu 1998 voru veittar um 14 milljónir franskra franka til málaflokksins. Af þeim voru um 5% notuð til að styrkja verkefni ungmenna sem standa utan hefðbundinna samtaka.

**Stuðningur við verkefni er byggjast á gildum lýðræðis í Evrópu** Fjárhagsstuðningur æskulýðssjóðs Evrópu og samstarf æskulýðsmiðstöðva Evrópu varða meðal annars eftirtalin viðfangsefni:

- lýðræði og þátttöku;
- frið og friðarfræðslu;
- atvinnuleysi og atvinnulíf;
- félagslega útskúfun;
- mannréttindi;
- tengsl austurs og vesturs og skoðanaskipti norðurs og suðurs;
- umhverfi og vistfræði.

Öll verkefnin skulu vera fjölþjóðleg, tengjast fleiri en einu menningarsamfélagi og vera skipulögð af ungu fólki.

<b>Lýðræðislegt skipulag</b>	Ákvarðanir í æskulýðsmiðstöðvum Evrópu og æskulýðssjóði Evrópu byggja á meginreglunni um sameiginlega stjórnun. Í stjórn þeirra sitja jafnmargir fulltrúar ríkisstjórnar og ungmennasamtaka. Stjórninni til fulltingis er ráðgjafarnefnd með fulltrúum ungmennasamtaka. Stefna þessara þriggja stofnana endurspeglar þannig helstu hugðarefni ungs fólks.
<b>Samstarf milli ríkja</b>	<p>Skipulögð samvinna milli ríkja styður við starf æskulýðsmiðstöðva Evrópu og æskulýðssjóðs Evrópu. Framkvæmdanefnd um milliríkjasamvinnu á sviði æskulýðsmála (CDEJ) kemur saman tvisvar á ári en í henni sitja 47 fulltrúar ráðuneyta eða stofnana, sem annast þennan málaflokk, frá öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins og samningsaðilum að menningarsáttmála Evrópu. Framkvæmdanefndin stuðlar að samvinnu milli ríkisstjórna á sviði æskulýðsmála og hefur sett fram aðferð til að bera saman stefnu landanna í þessum málaflokki. Hún gerir tillögur að lagatextum um málefni æskunnar, svo sem tilmæli um þátttöku ungmenna, upplýsingar, hreyfanleika og sjálfböðastarf.</p> <p>Framkvæmdanefndin hefur enn fremur annast, frá árinu 1985, undirbúning og úrvinnslu á ráðstefnum ráðherra í Evrópu sem hafa þennan málaflokk á hendi. Árið 1998 var haldin ráðstefna í Búkarast undir heitinu „Ungt fólk: virkir borgarar í Evrópu framtíðarinnar“.</p>
<b>Hlutasamningar um æskulýðskort</b>	<p>Árið 1991 gerði ráðherranefndin hlutasamning um æskulýðskort sem eiga að stuðla að hreyfanleika æskunnar í Evrópu.</p> <p>Æskulýðskortin veita margvíslega þjónustu og fríðindi á sviðum menningar, íþróttar, ferðamála og upplýsinga.</p>
<b>Sérstakur ferðasjóður</b>	<p>Evrópuráðið og Alþjóðajárnbrautasambandið (IUR) hafa tekið höndum saman um að stofna sérstakan sjóð sem hefur það að markmiði að veita ungum Evrópubúum, sem búa við skert kjör, tækifæri til ferðalaga. Styrkirnir eru einungis veittir til ferðalaga með járnbrautum en til grundvallar styrkveitingum liggja færri skilyrði en fyrir styrkveitingu úr æskulýðssjóði Evrópu þannig að ungu fólk, sem starfar að tvíhliða verkefnum, gefst einnig kostur á styrkjum.</p> <p><i>Nánari upplýsingar um sérstaka ferðasjóðinn fást hjá æskulýðssjóði Evrópu.</i></p>

**Upplýsingar og ráðgjöf til æskufólks**

Árið 1997 skrifaði Evrópuráðið undir samstarfssamning við upplýsinga- og ráðgjafarmiðstöð æskunnar í Evrópu (ERYICA) til að stuðla að og móta evrópska samvinnu um upplýsingar og ráðgjöf til æskufólks, einkum með því að skipuleggja námskeið fyrir þá sem starfa að þessum málum.

**Rannsóknir og heimildaskráning: stutt við samvinnu fræðimanna**

Markmið heimildadeildar æskulýðsskrifstofunnar er að auka samvinnu fræðimanna í Evrópu á sviðum er varða málefni æskufólks. Evrópsku rannsóknarneti á vegum skrifstofunnar er ætlað að bæta tengsl milli vísindamanna, frjálsra samtaka æskufólks (NGYOs) og ríkisstjórna og hvetja til fjölþjóðlegra samanburðarrannsókna.

---

**TIL FRÓÐLEIKS**

**Útgáfa Evrópuráðsins**

**Upplýsingar um starfsemi æskulýðsskrifstofunnar**

**Youth in the information society** (1997)

**Europa ABC – guide to international youth work in Europe** (1996)

**Yearbook of the Youth Directorate** (1996-7)

**Education Pack and Domino** (pedagogical tools) (1996)

**Keys for participation – a practitioners' guide** (1998)

**Nánari upplýsingar fást hjá:**  
The Youth Directorate  
30, rue Pierre-de-Coubertin  
F-67000 Strasbourg  
Sími: +33 (0)3 88 41 23 00  
Bréfasími: +33 (0)3 88 41 27 77/78

European Youth Centre  
Zivatar utca, 1-3  
H-1024 Budapest  
Sími: (36 1) 212 40 78  
Bréfasími: (36 1) 212 40 76

**Vefsetur**

<http://www.coe.fr/youth>  
<http://www.eycb.hu> (Æskulýðsmiðstöð Evrópu í Búdapest)

## **Evrópufáninn, lofsöngur Evrópu og evrópsk verðlaun**

- Evrópufáninn** Evrópufánann þekkja allir en á honum er hringur með 12 gylltum stjörnum á bláum grunni. Ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti tillögu þingsins um hann árið 1955. Stjörnuhringurinn táknað einingu meðal þjóða Evrópu. Talan tólf er táknað um fullkomleika og helst því óbreytt. Evrópufáninn hefur einnig verið notaður sem opinber táknað mynd Evrópusambandsins frá því í maí 1986.
- Hægt er að fá upplýsingar um notkun annarra samtaka eða einstaklinga á þessu tákni Evrópu hjá lagadeild Evrópuráðsins eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í Brussel.
- Lofsöngur Evrópu** Árið 1972 valdi ráðherraráðið útsetningu Herberts von Karajans á forleiknum að „Óðinum til gleðinnar“ úr níundu símfóníu Beethovens sem lofsöngur Evrópu. Hann er leikinn við hátíðlegar athafnir í Evrópu.
- Evrópudagurinn** Árið 1964 ákvað ráðherranefndin að 5. maí, sem er stofndagur Evrópuráðsins, yrði dagur Evrópu. Markmiðið er að fá almenning til að taka aukinn þátt í sameiningu Evrópu.
- Mannréttindaverðlaun Evrópu** Árið 1980 stofnaði ráðherranefndin til mannréttindaverðlauna Evrópuráðsins. Þau eru veitt fyrir framúrskarandi framlag til þeirra mannréttindamála sem fjallað er um í mannréttinasáttmála Evrópu. Ráðherranefndin veitir verðlaunin í Strassborg á þriggja ára fresti einhverjum þeim einstaklingi, hópi, stofnun eða fjálsam samtökum sem er á lista þingsins. Verðlaunin eru verðlaunapeningur úr gulli og skjal þar sem framlag verðlaunahafans í þágu mannréttinda er lokað.
- Evrópuverðlaun til bæjarfélaga** Nefnd þings Evrópuráðsins á sviði umhverfismála, svæðaskipulags og sveitarfélaga veitir bæjum og sveitarfélögum margs konar verðlaun fyrir starfsemi í þágu Evrópu. Keppt er um eftirfarandi verðlaun: Evrópuviðurkenninguna, heiðursfánann, heiðurskjöldinn og Evrópuverðlaunin.

**Evrópuverðlaunin** Evrópuverðlaunin hafa verið veitt árlega frá 1955 og eru mesti heiður sem sveitarfélag getur hlotið fyrir framlag sitt í þágu samstarfs í Evrópu. Nefnd þings Evrópuráðsins á sviði umhverfismála, svæðaskipulags og sveitarfélaga velur verðlaunahafann sem fær farandverðlaunagrip til eins árs, verðlaunapening úr bronsi og verðlaunaskjal. Vinningshafinn fær að auki 40.000 franska franka sem eru fyrst og fremst ætlaðir til námsferða innan Evrópu fyrir yngri borgara.

**Náttúruverndarverðlaun Evrópu** Ráðherranefndin hefur veitt þessi verðlaun frá 1965 að tillögu framkvæmdanefndar um verndun og meðferð umhverfis og lífsvæða, fyrir vel heppnaða varðveislu landslags eða verndaráætlanir sem hafa alþjóðlegt gildi. Verðlaunin eru veitt vegna þjóðgarða, friðlanda eða staða þar sem skilyrðum um verndun náttúrulegrar arfleifðar er fullnægt og tillit tekið til vísindalegs og/eða menningarlegs gildis og/eða gildis sem helgast af afþreyingu.

Evrópuráðið veitir styrki til svæðisins í fimm ár, sem má framlengja um önnur fimm ár að undangengnu ítarlegu mati sérfræðinga á svæðinu.

**Safnaverðlaun Evrópuráðsins** Stofnað var til þessara árlegru verðlauna árið 1977 en þau eru veitt því safni sem talið er hafa varðveitt evrópska menningu á nýstárlegan hátt. Verðlaunin eru bronstytta eftir spænska listamanninn Joan Miró og um 33 000 franskir frankar. Menningar- og menntunarnefnd þingsins velur verðlaunahafann úr hópi safna sem óháð Evrópumatsnefnd safnaverðlaunanna hefur valið.

**Evrópuverðlaun sjónvarpsstöðva, Prix Europa** Evrópuverðlaun sjónvarpsstöðva, Prix Europa, eru veitt árlega fyrir besta sjónvarpsefnið í flokki leikinna mynda, heimildamynda og mynda fyrir börn og unglunga. Evrópuráðið og aðrar evrópskar stofnanir sjá um framkvæmd keppinnar. Markmiðið er að ýta undir sköpun og kynna fjölbreytta menningu þjóða, héraða og staða, auk þess að hvetja til útsendinga á góðu efni.

Nánari upplýsingar fást hjá:  
European Cultural Foundation  
Jan Van Goyenkade 5  
NL-1075 HN Amsterdam  
Sími: (31) 20 676 02 22 Bréfasími: (31) 20 675 22 31  
Tölvupóstur: [PRIX-EUROPA@t-online.de](mailto:PRIX-EUROPA@t-online.de)  
**Vefsetur:** <http://www.prix-europa.de>



**Evrópukeppni skóla** Árlega eru veitt verðlaun fyrir bestu ritgerðir og teikningar skólabarna er fjalla um evrópsk viðfangsefni. Markmiðið með keppninni er að vekja áhuga skólabarna á málefnum Evrópu. Frá árinu 1986 hefur keppnin verið haldin sameiginlega á vegum Evrópuráðsins, framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og menningarsjóðs Evrópu í Amsterdam. Veitt eru peningaverðlaun, ferðaverðlaun, verðlaunapeningar, bækur ofl.

Nánari upplýsingar fást hjá:

Co-ordinating Unit

"Europe at School - European Schools' Day Competition"

Europa-Zentrum

Bachstraße 32

D-53115 Bonn

Sími: (49) 228 72 900 40 Bréfasími: (49) 228 72 900 90

Tölvupóstur: [eas-cu.zeb.euroeduc@t-online.de](mailto:eas-cu.zeb.euroeduc@t-online.de)

## **Evrópustofnanir: hver er hvað?**

**Takið eftir muninum:** **Evrópuráðið**  
**(Council of Europe)**  
Milliríkjastofnun í Strassborg sem 43 lýðræðisríki í Evrópu eiga aðild að.

*og*

**Leiðtogaráðið**  
**(European Council)**  
Reglulegir fundir ríkja- eða ríkisstjórnarleiðtoga 15 aðildarríkja Evrópusambandsins (haldnir eigi sjaldnar en tvisvar á ári) þar sem stefna sambandsins er mótuð.

—

**Þingið**  
**(Parliamentary Assembly)**  
Umræðu- og ráðgefandi þing Evrópuráðsins með 301 fulltrúum (og jafnmörgum varamönnum) sem þjóðþing aðildarríkjanna 43 skipa.

*og*

**Evrópuþingið**  
**(European Parliament)**  
Þing Evrópusambandsins með 626 evrópskum þingmönnum frá 15 aðildarríkjum Evrópusambandsins sem eru kosnir beint í almennum kosningum.

—

—

### **Mannréttindadómstóll Evrópu\***

#### **(European Court of Human Rights)**

Aðsetur dómstólsins er í Strassborg og hann er eini dómstóllinn sem komið er á fót með mannréttindasáttmálanum. Dómstóllinn skipa 41 dómáramur er tryggja, á síðasta dómstigi, að samningsaðilar standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

*og*

### **Evrópudómstóllinn, dómstóll EB**

#### **(European Court of Justice)**

Dómstóllinn hefur aðsetur í Lúxemborg og tryggir að farið sé að lögum við túlkun og beitingu Evrópusáttmála Evrópusambandsins.

*og*

### **Alþjóðadómstóllinn**

#### **(International Court of Justice)**

Dómstóll Sameinuðu þjóðanna með aðsetur í Haag.

—

### **Mannréttindasáttmálinn**

#### **(European Convention on Human Rights)**

Aðildarríki Evrópuráðsins skuldbinda sig til að virða þau mannréttindi og mannfrelsi sem í sáttmálanum felast.

*og*

### **Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna**

#### **(Universal Declaration of Human Rights)**

Sameinuðu þjóðirnar samþykktu yfirlýsinguna árið 1948 í því skyni að bæta vernd mannréttinda hvarvetna í heiminum.

—

\*Í stað tveggja þrepa kerfis þar sem mannréttindanefnd Evrópu og Mannréttindadómstóll Evrópu fjalla um kærur kemur einn Mannréttindadómstóll frá 1. nóvember 1998.

## Markverðustu dagsetningar

- 5. maí 1949** Tíu ríki undirrita **Lundúnarsamninginn** um stofnun **Evrópuráðsins**: Belgía, Breska konungsríkið, Danmörk, Frakkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Noregur og Svíþjóð.
- 4. nóvember 1950** **Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis** er undirritaður í Róm. Fyrsti alþjóðlegi lagagerningurinn um verndun mannréttinda.
- 19. desember 1954** **Menningarsáttmáli Evrópu** er undirritaður. Hann myndar ramma um starfsemi Evrópuráðsins á sviði menntunar, menningar, æskulýðsmála og iþróttar.
- 16. apríl 1956** Evrópuráðið stofnar **viðreisnarsjóð** (nefnist nú **félagsþróunarsjóður**) í þeim tilgangi að aðstoða aðildarríkin við verkefni á sviði félagsmála.
- 12. janúar 1957** Evrópuráðið ýtir úr vör **fastaráðstefnu sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu (CLRAE)** (nefnist nú ráðstefna sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu) í því skyni að koma á samskiptum fulltrúa sveitar- og héraðsstjórna.
- 18. september 1959** Evrópuráðið í Strassborg stofnar **Mannréttindadómstóli Evrópu** á grundvelli mannréttindasáttmálans í því skyni að tryggja að eftirlit sé haft með því hvort samningsríkin standi við skuldbindingar sínar.
- 18. október 1961** **Félagsmálasáttmáli Evrópu** er undirritaður í Túrín. Hann er hliðstæða mannréttindasáttmálans á sviði efnahags- og félagsmála.
- 1. júní 1972** Fyrsta **æskulýðsmiðstöð Evrópu** er opnuð á vegum Evrópuráðsins í Strassborg í Frakklandi.
- 27. mars 1980** Evrópuráðið stofnar **Pompidou-hópin** sem á að vera þverfaglegur vettvangur fyrir samvinnu ráðuneyta í málefnum er varða ólöglega dreifingu fíkniefna og notkun þeirra.
- 26. nóvember 1987** Evrópuráðið leggur **Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu** fram til undirritunar.

- 8. júní 1989** Þing Evrópuráðsins býður **sérstökum gestum að vera viðstaddir þingið** en tilgangurinn er að koma á nánari tengslum við þjóðþing nýrra aðildarríkja sem eru að þróast í átt að lýðræði.
- 30. apríl 1990** Evrópuráðið opnar **Miðstöð norðurs og suðurs** í Lissabon í Portúgal. Ísland gerist aðili að Miðstöðinni árið 1999.
- 10. maí 1990** Evrópuráðið kemur á fót **framkvæmdaráði Evrópu um lýðræði með lögum** (Feneyjarnefndin) sem á að fjalla um hvernig tryggja megi lýðræði með lögum.
- 8. og 9. október 1993** **Fyrsti fundur ríkis- og ríkisstjórnarleiðtoga innan Evrópuráðsins** er haldinn í Vín í Austurríki þar sem samþykkt er yfirlýsing er staðfestir starf þess á samevrópskum vettvangi og fyrirskipar nýja pólitíska forgangsröð varðandi verndun þjóðarbrotu og baráttu gegn hvers kyns kynþáttahatri, útlendingahatri og fordómum.
- 17. janúar 1994** Ráðherranefnd Evrópuráðsins setur **ráðstefnu sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu (CLRAE)** sem kemur í stað fastaráðstefnu sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu.
- 1. febrúar 1995** Evrópuráðið leggur **rammasamning um verndun þjóðarbrotu** fram til undirritunar.
- 15. desember 1995** Evrópuráðið opnar aðra **æskulýðsmiðstöð Evrópu** í Búdapest í Ungverjalandi.
- 4. apríl 1997** **Samningur Evrópuráðsins um mannréttindi og líflæknisfræði** er undirritaður.
- 10. og 11. október 1997** **Annar fundur ríkis- og ríkisstjórnarleiðtoga innan Evrópuráðsins** er haldinn í Strassborg í Frakklandi.
- 12. janúar 1998** **Viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins um mannréttindi og líflæknisfræði** er undirrituð en í henni einræktun manna bönnuð.
- 1. nóvember 1998** Komið er á fót einum **evrópskum fastadómstól í mannréttindamálum** í Strassborg samkvæmt sammingsviðauka nr. 11 við mannréttindasáttmála Evrópu og kemur hann í stað núverandi fyrirkomulags.

Í bæklingnum „Milestones in European Co-operation“ (Áfangar í Evrópusamstarfi) er að finna ítarlegri ágríp.

## Samskiptastofnanir og upplýsingamiðstöðvar Evrópuráðsins

**Upplýsingamiðstöðin „point i“** Upplýsingamiðstöðin „point i“ er á miðju bókasafnssvæðinu, vinstra megin við aðalinngang Evrópuhallarinnar (Palais de l'Europe).

Ef óskað er eftir upplýsingum eða ritum um starfsemi Evrópuráðsins er hægt að hringja, skrifa til eða heimsækja:

### **Point i**

Council of Europe  
F-67075 Strasbourg cedex  
Sími: +33 (0)3 88 41 20 33  
Bréfasími: +33 (0)3 88 41 27 45  
Tölvupóstur: [point\\_i@coe.fr](mailto:point_i@coe.fr)  
Vefslóð: <http://www.coe.fr>

**Rit Evrópuráðsins** Yfir 1200 ritum á báðum hinna opinberu tungumála (ensku og frönsku) er dreift um heim allan til að kynna starf Evrópuráðsins á öllum sviðum.

Council of Europe Publishing  
F-67075 Strasbourg cedex  
Sími: +33 (0)3 88 41 25 81  
Bréfasími: +33 (0)3 88 41 39 10  
Tölvupóstur: [publishing@coe.fr](mailto:publishing@coe.fr)  
Vefslóð: <http://book.coe.fr>

**Bókasafns- og upplýsingaþjónusta** Hægt er að ná sambandi við bókasafns- og upplýsingaþjónustu í gegnum upplýsingamiðstöðina „point i“ og til að fá leslista eða aðgang að gagnagrunni hennar til skjalaleitar.

Á aðalbókasafninu eru ritsöfn um:

- alþjóðatengsl;
- samruna í Evrópu;
- lög;
- stjórnvöld;
- menntun;
- félagsleg málefni;
- málefni líðandi stundar.

Gestir Evrópuhallarinnar (Palais de l'Europe) fá aðgang að lesherbergjum. Nemendur og fræðimenn, sem vilja fá afnot af bókakosti safnsins í lengri tíma, skulu sækja um það skriflega til yfirbókavardar.

**Vedovato-bókasafnið** Giuseppe Vedovato, prófessor og fyrrverandi forseti þingsins, gaf þetta gagnmerka safn yfir 20 000 binda um sögu Evrópu, ríkjasamskipti og samruna á 20. öldinni. Safnið stækkar jafnt og þétt og er opið almenningi.

Nánari upplýsingar fást hjá upplýsingamiðstöðinni „point 1“.

### **Samskiptaskrifstofur Evrópuráðsins**

**París** 55 avenue Kléber  
F-75784 Paris Cedex 16  
Sími: +33 (0)1 47 04 33 60      Bréfasími: +33 (0)1 47 27 36 47

**Brussel** Résidence Palace  
155 rue de la Loi  
Service triage n° 3  
B-1040 Brussels  
Sími: (32-2) 230 41 70 / 230 47 21      Bréfasími: (32-2) 230 94 62  
Telex: Euro BX 24784

**Félagsþróunarsjóður Evrópuráðsins** 55 avenue Kléber  
F-75784 Paris Cedex 16  
Sími: +33 (0)1 47 55 55 00      Bréfasími: +33 (0)1 47 55 03 38  
Tölvupóstur: [cef@coefund.org](mailto:cef@coefund.org)  
**Vefslóð:** <http://www.coefund.org>

**Evrópumiðstöð fyrir samheldni og einingu þjóða heims** North-South Centre  
Avenida da Libertade, 229-4°  
P-1250 Lisbon  
Sími: (351-1) 352 49 54      Bréfasími: (351-1) 353 13 29  
Tölvupóstur: [info@nscentre.org](mailto:info@nscentre.org)  
**Vefslóð:** <http://www.nscentre.org>

**Evrópumiðstöð nútímamála (Graz)** Mozarthof, Schubertstraße 29  
A-8010 Graz  
Sími: (43) 316 323554      Bréfasími: (43) 316 322157  
Tölvupóstur: [ecml@via.at](mailto:ecml@via.at)  
**Vefslóð:** <http://culture.coe.fr>

**Evrópska hljóð- og myndmiðlunarstofnunin** 76 allée de la Robertsau  
F-67000 Strasbourg  
Sími: +33 (0)3 88 14 44 00      Bréfasími: +33 (0)3 88 14 44 19  
Tölvupóstur: [obs.@obs.coe.int](mailto:obs.@obs.coe.int)  
**Vefslóð:** <http://www.obs.coe.int>

**Evrópunefnd um  
gæði lyfja (EDQM)** BP 907  
F-67029 Strasbourg Cedex 1  
Sími: +33 (0)3 88 41 20 36 Bréfasími: +33 (0)3 88 41 27 71  
Telex: 880388 pheur f  
Tölvupóstur: [100536.3157@compuserve.com](mailto:100536.3157@compuserve.com)  
Vefslóð: <http://www.pheur.org>

### **Upplýsinga- og skjalamiðstöðvar um Evrópuráðið**

Ráðherranefndin hefur komið á fót upplýsinga- og skjalamiðstöðvum um Evrópuráðið að beiðni ýmissa landa. Markmiðið er að útvega yfirvöldum (til dæmis ráðuneytum og stjórnardeildum) og einka-aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum (til dæmis frjálsum samtökum) upplýsingar og skjöl um starfsemi og áfanga Evrópuráðsins og styrkja og stuðla að verkefnum Evrópuráðsins í löndunum.

**Búlgaría** Lazar Stanev, 1  
BG-1113 Sofia  
Sími: (359) 2 971 30 00 Bréfasími: (359) 2 971 22 33  
Tölvupóstur: [boyko@online.bg](mailto:boyko@online.bg)  
Vefslóð: <http://www.cid.bg>

**Eistland** Tõnismägi St. 2  
EE-0100 Tallinn  
Sími: (372) 6 30 72 58 Bréfasími: (372) 6 46 00 89  
Tölvupóstur: [enidk@coe.ee](mailto:enidk@coe.ee)  
Vefslóð: <http://www.nlib.ee/ENIDK>

**Letland** K. Barona iela 14  
LV-1423 Riga  
Sími/bréfasími: (371) 7 28 68 65  
Tölvupóstur: [centre@coecidriga.lv](mailto:centre@coecidriga.lv)  
Vefslóð: <http://www.coecidriga.lv>

**Litháen** Gedimino pr.51  
LT-2635 Vilnius  
Sími: (370) 2 62 16 47 Bréfasími: (370) 2 61 72 14  
Tölvupóstur: [etidc@post.omnitel.net](mailto:etidc@post.omnitel.net)



- Makedónía, fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu** Bul. Krste Misirkov bb  
Law Faculty  
MK-91000 Skopje  
Sími: (389) 91 130 032  
Tölvupóstur: [cdi@pf.ukim.edu.mk](mailto:cdi@pf.ukim.edu.mk)  
Vefslóð: <http://www.cdi.org.mk>
- Moldóva** C.P. 3271  
MD-2044 Chisinau  
(aðsetur: National Library of Moldova,  
78a, 31 August Street, MD-2000 Chisinau)  
Sími: (373) 2 23 31 65 Sími/bréfasími: (373) 2 24 10 96  
Tölvupóstur: [calancea@cecidmd.mldnet.com](mailto:calancea@cecidmd.mldnet.com)
- Pólland** Ksawerow 13  
PL-02656 Warsaw  
Sími/bréfasími: (48) 228 45 20 84  
Komertel (símasamband um gervihnött): (48) 39 12 09 07  
Tölvupóstur: [info@radaeuropy.org.pl](mailto:info@radaeuropy.org.pl)  
Vefslóð: <http://www.radaeuropy.org.pl>
- Rúmenía** 6 Donici Street  
Sector 2  
RO-70224 Bucharest  
Sími: (49) 1 211 68 10 Bréfasími: (40) 1 211 99 97  
Tölvupóstur: [dcbuc@ibm.net](mailto:dcbuc@ibm.net)  
Vefslóð: <http://www.dcbuc.at>
- Rússland** Pr. Vernadskogo, 76  
RU-117454 Moscow  
Sími: (7) 095 434 90 77 Bréfasími: (7) 095 434 90 75  
Tölvupóstur: [coemoscow@dionis.iasnet.ru](mailto:coemoscow@dionis.iasnet.ru)  
Vefslóð: <http://www.coe.ru>
- Slóvakía** PO Box 217  
SK-81000 Bratislava 1  
(aðsetur: Klariská 5, SK-81101 Bratislava 1)  
Sími: (421) 75 33 57 52 Bréfasími: (421) 75 33 56 72  
Tölvupóstur: [centrum@radaeuropy.sk](mailto:centrum@radaeuropy.sk)  
Vefslóð: <http://www.radaeuropy.sk>

- Slóvenía** Rimska cesta 16  
SLO-1000 Ljubljana  
Sími: (386) 61 121 43 00 Bréfasími: (386) 61 121 43 05  
Tölvupóstur: [fdc.slovenija@fdcse.nuk.si](mailto:fdc.slovenija@fdcse.nuk.si)  
**Vefslóð:** <http://www.fdcse.nuk.si>
- Tékkland** Senovazné nam. 26  
CZ-11000 Prague 1  
Sími/bréfasími: (420) 2 24 39 83 15  
Tölvupóstur: [bartosoa@eis.cuni.cz](mailto:bartosoa@eis.cuni.cz)
- Ungverjaland** PO Box 3  
H-1357 Budapest V  
(aðsetur: Kossuth Lajos Tér 1-3,  
H-1055 Budapest)  
Sími: (36) 1 268 48 57 Bréfasími: (36) 1 268 48 78  
Tölvupóstur: [fdcbud@mail.mtatv.hu](mailto:fdcbud@mail.mtatv.hu)  
**Vefslóð:** <http://www.europatanacs.hu>
- Úkraína** Kostiolna 3  
UA-252001 Kyiv  
Sími/bréfasími: (380) 44 228 79 79  
Tölvupóstur: [cid\\_ulf@public.ua.net](mailto:cid_ulf@public.ua.net)
- Upplýsinga- og  
skjalamiðstöð fyrir  
Úralfjöll** Ul. Kolmogorova 54  
RU-620034 Yekaterinburg  
Sími: (7) 3432 45 72 32 Bréfasími: (7) 3432 45 77 00  
Tölvupóstur: [urura@urura.rcupi.e-burg.su](mailto:urura@urura.rcupi.e-burg.su)
- Upplýsinga- og  
skjalamiðstöð fyrir  
Volguhérað** Ulitza Volskaya 16  
RU-410028 Saratov  
Sími: (7) 8452 25 28 43 Bréfasími: (7) 8452 24 16 71

## Vefsetur Evrópuráðsins

Vefsetur Evrópuráðsins  
<http://www.coe.fr>

Ráðherranefndin  
<http://www.coe.fr/cm>

Þingið  
<http://stars.coe.fr>

Ráðstefna sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu  
<http://www.coe.fr/cplre>

Milliríkjasamvinna  
<http://www.coe.fr/eng/act-e/ecoop.htm>

Mannréttindi Almenn mannréttindi - heimasíða  
<http://www.dhdirhr.coe.fr>

Mannréttindadómstóll Evrópu  
<http://www.dhcour.coe.fr>

Mannréttindanefnd Evrópu  
<http://www.dhcommhr.coe.fr>

Varnir gegn pyndingum  
<http://www.cpt.coe.fr>

Barátta gegn kynþáttmisrétti og fordómum  
<http://www.ecri.coe.fr>

Samvinna á sviði  
dómsmála Samningar Evrópuráðsins  
<http://www.coe.fr/eng/legaltxt/treaties.htm>

Lífsiðfræði  
<http://www.coe.fr/oviedo>

Spilling og skipulögð glæpastarfsemi  
<http://www.coe.fr/corrupt>

Upplýsingavernd  
<http://www.coe.fr/dataprotection>

**Menning – menntun  
– arfleifð – íþróttir** **Samvinna í Evrópu á sviði menningarmála - heimasíða**  
<http://culture.coe.fr>

**Menning**  
<http://culture.coe.fr/clt/eng/eculture.html>

**Menntun**  
<http://culture.coe.fr/edu/eng/edulist.html>

**Æðri menntun og rannsóknir**  
<http://culture.coe.fr/esu/eng/esulist.html>

**Arfleifð**  
<http://culture.coe.fr/pat/eng/patlist.html>

**Íþróttir**  
<http://culture.coe.fr/sp/eng/splist.html>

**Evrópumiðstöð nútímatungumála (Graz)**  
<http://culture.coe.fr/graz/eng/gralist.html>

**Evrópski kvikmyndasjóðurinn – Eurimages**  
<http://culture.coe.fr/Eurimages/eng/eurlist.html>

**Æskulýðsmál** **Heimasíða**  
<http://www.coe.fr/youth>

**Æskulýðsmiðstöð Evrópu (Búdapest)**  
<http://www.eycb.hu>

**Hlutasamningar** **Evrópska hljóð- og myndmiðlunarstofnunin**  
<http://www.obs.coe.int>

**Lyfjaskrá Evrópu**  
<http://www.pheur.org>

**Félagsþróunarsjóðurinn**  
<http://www.coefund.org>

**Útgáfa** <http://book.coe.fr>  
**Evrópuráðsins**

Önnur vefsetur eru á vinnslustigi.

## 40 aðildarríki Evrópuráðsins

Albanía  
Andorra  
Austurríki  
Belgía  
Breska konungsríkið  
Búlgaría  
Danmörk  
Eistland  
Finland  
Frakkland  
Grikkland  
Holland  
Írland  
Ísland  
Ítalía  
Króatía  
Kýpur  
Lettland  
Liechtenstein  
Litháen  
Lúxemborg  
Makedónía, fyrrverandi  
lýðveldi Júgóslavíu  
Malta  
Moldóva  
Noregur

Portúgal  
Pólland  
Rúmenía  
Rússland  
San Marínó  
Slóvakía  
Slóvenía  
Spánn  
Sviss  
Svíþjóð  
Tékkland  
Tyrkland  
Ungverjaland  
Úkraína  
Þýskaland

### 5 umsækjendur um aðild

Armenía  
Aserbaídsjan  
Bosnía og  
Hersegóvína  
Georgía  
Hvíta-Rússland

Staðan í apríl 1998.